



*bros*



*gæsahúð*




*hlátur*



*roði*

**BÓKA  
2014  
TÍÐINDI**

*Nokkur líkamleg viðbrögð  
við lestri góðra bóka*



*tár*




*ögrun*



*undrun*

GEYMIÐ BÓKASKRÁNA. HÚN GÆTI KOMIÐ SÉR VEL ÞEGAR VELJA Á BÓK.



## Lestu jólabækurnar á rafrænu formi

Vissir þú að jólabækurnar eru komnar á eBækur.is? Þar er að finna mesta úrval landsins af rafrbókum og hljóðbókum. Líttu við og skoðuðu úrvalið, allt frá nýjustu metsölubókunum til sígilda bókmennta eftir íslenska og erlenda höfundu.

Appið frá eBókum er eina séríslenska rafrbókaappið. Það gerir lestrarupplifunina algjörlega hnökralausa og fæst frítt á App Store og Google Play.

*Njóttu þess að lesa hvar og hvenær sem er.*

**eBækur**

[www.ebækur.is](http://www.ebækur.is)

## Kæru bókakaupendur,

Íslenskur bókamarkaður er einstakur og það er ekki að ástæðulausu sem við viljum kalla okkur bókabjöld. Á Íslandi gefa fleiri en 100 aðilar út bækur á hverju ári og í ár eru skráðar yfir 600 nýjar bækur í Bókatiðindin. Sjaldan eða aldrei hafa verið gefnar út fleiri íslenskar skáldsögur og í ár, og enn meiri ánægju vekur mikill fjöldi barna- og unglingsbóka, en á árinu eru gefnar út tæplega 200 nýjar í þeim flokki.

Eitt af því sem gerir íslenskan bókamarkað svo einstakan eru Bókatiðindin sem þú heldur nú á, en hvergi í heiminum eru borin út tíðindi nánast allrar útgáfu ársins, inn á hvert heimili. Að fá Bókatiðindin í hendur markar í hugum margra upphaf jólahaldsins, enda jólabókaflóðið afar skemmtilegur hluti hátíðanna. Sú ríka hefð okkar að gefa bækur til jólagjafa er hornsteinn íslenskrar bókaútgáfu og það sem gerir það litla kraftaverk sem bókaútgáfa á Íslandi er mögulega.

Í ár er nokkur útlitsbreyting gerð á Bókatiðindunum, með það að markmiði að bæta framsetningu og aðgengi. Nú má finna táknmyndir undir kápumyndum allra bóka sem segja til um fánleg útgáfuform, hvort sem um er að ræða prentaða bók, rafbók eða hljóðbók og samhliða eru felldir niður sérstakir kaflar um einstök útgáfuform.

Tveir nýir kaflar eru einnig kynntir til sögunnar í Bókatiðindum ársins, íslenskar og þýddar ungmennabækur. Þarna eru á ferðinni bækur fyrir stálpaða unglina og ungt fólk sem áður voru flokkaðar ýmist með barnabókum eða skáldverkum fyrir fullorðna.

Framundan eru frábær bókajól!

Egill Örn Jóhannsson

Formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

## Barna- og unglingsbækur

■ Íslenskar.....	2
■ Þýddar.....	16

## Ungmennabækur

■ Íslenskar.....	32
■ Þýddar.....	33

## Skáldverk

■ Íslensk.....	36
■ Þýdd.....	50

■ <i>Ljóð og leikrit</i> .....	59
■ <i>Listir og ljósmyndir</i> .....	66
■ <i>Saga, ættfræði og héraðslýsingar</i> .....	70
■ <i>Ævisögur og endurminningar</i> .....	73
■ <i>Matur og drykkur</i> .....	78
■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i> .....	82
■ <i>Útivist, tómstundir og íþróttir</i> .....	114
■ <i>Höfundaskrá</i> .....	125
■ <i>Útgefendaskrá</i> .....	133
■ <i>Bóksalaskrá</i> .....	136
■ <i>Titlaskrá</i> .....	138
■ <i>Skrá yfir raf- og hljóðbækur</i> .....	144

## BÓKATÍÐINDI 2014

### Útgefandi:

Félag íslenskra bókaútgefenda  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík  
Sími: 511 8020  
Netf: fibut@fibut.is  
Vefur: www.fibut.is



### Hönnun kápu:

Gunnar Karlsson og Ámundi Sigurðsson

### Ábm.:

Benedikt Kristjánsson

### Upplag:

125.000

### Umbrot, prentun

Oddi,

### og bókband:

umhverfsvottuð prentsmiðja

### Dreifing:

Íslandspóstur hf.

ISSN 1028-6748



## Nýjung í Bókatiðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákn sem vísa til útgáfuforms. Táknskýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

**GOR** Gormabók

**HSP** Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír

**HLB** Hljóðbók

**IB** Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír

**KIL** Kilja

**RAF** Rafbók

**SVK** Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð

# Barnabækur

## ÍSLENSKAR



### Adda trúlofast

Jenna og Hreiðar  
Myndir: Halldór Pétursson

Lokabókin í hinum sígilda og skemmtilega bókaflokki um Öddu. Adda er langt komin með menntaskólanámið og vinnur á sjúkrahúsi í heimabyggð sinni í sumarleyfum. Þar endurnýjar hún kynni sín við lækninginn Pál – og ástin kviknar í brjóstum þeirra.

96 bls.  
Ugla

IB



### Afmælisdagur Ævars og Sæla

Rannveig Lund


Þegar Ævar verður stór ætlar hann að klífa hæstu tindu í heimi. Hann notar hvert tækifæri til að æfa sig. Það gerir hann líka á afmælisdaginn sinn og lendir í vandræðum með Sæla vini sínum.

Fjórir nýir titlar léttlestrarbóka fyrir 6-11 ára.

Sölustaðir: Penninn og Iða.  
36 bls.

Lestrarsetur Rannveigar Lund

KIL



### Agnarögn

Guðrún Anna Matthíasdóttir

Agnarögn er forvitin og dreymandi lítil ögn sem dáist að lífinu úr grasstráinu sínu. En hennar heitasta ósk er að skoða heiminn og upplifa ævintýri. Hún fær ósk sína uppfyllta og fer í ferðalag sem er fullt af skemmtilegum og óvæntum atburðum.

42 bls.  
Óðinsauga Útgáfa

IB



### Á puttunum með pabba

Vala Þórsdóttir og Kolbrún Anna Björnsdóttir

Á puttunum með pabba gerist í sumarfríi íslensk-ítölsku systkinanna Sonju og Frikka en þau lenda í ótrúlegum ævintýrum á óvæntu puttaferðalagi með pabba sínum.

Á puttunum með pabba er bók fyrir börn á aldrinum 7 – 12 ára.  
192 bls.

Kat ehf

IB RAF



### Álfa- og jólasögur

Jón Árnason

Uppl.: Elfar Logi Hannesson

Hér er á ferðinni úrval álfa- og jólasagna úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Álls eru 35 sögur á þessari hljóðbók. Sögurnar eru allsstaðar af á landinu og vissulega gerist meiri hluti þeirra í hólum, fjöllum og hæðum. En þó fjölmargar einnig í mannabyggð.

77 mín.

Kómedíuleikhúsið

HLB

Elfar Logi Hannesson les



### Ástarsaga úr fjöllum

Flumbra – Une histoire d'amour des montagnes  
Ruska – En kjærlighetshistorie fra Island

Guðrún Helgadóttir og Brian Pilkington  
Þýð.: Héleéne Jóhannsson og Gunhild Stefánsdóttir

Ný frönsk og norsk útgáfa þessarar sígildu tróllasögu. Bókin er einnig fánleg á þýsku, ensku, dönsku og íslensku. Tilvalin gjöf til erlendra vina.

25 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



### Benjamín dúfa

Friðrik Erlingsson

Sagan um Benjamín dúfu og vini hans er ein vinsælasta barnabók síðari tíma og hefur skilið eftir sig djúp spor hjá nokkrum kynslóðum íslenskra lesenda. Nú fáanleg í kilju!

134 bls.

**Veröld**

**KIL**

**ENDUR  
ÚTGAFA**



### Bestu barnabrandararnir

Frábærlega myndir

Ýmsir höfundar

Stútfull bók af frábærum bröndurum sem henta fyrir alla aldurshópa og ætti hún án nokkurs vafa að vera til hvar sem er.

80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

**KIL**



### Blómin á þakinu

Blómin á þakinu

Die grüne Großmutter

Flowers on the roof

Les fleurs sur le toit

Ingibjörg Sigurðardóttir

Myndir: Brian Pilkington

Sagan um ömmuna sem flutti sveitina með sér í borgina kom fyrst út 1985 og er löngu orðin sígild. Þessi glæsilega endurútgáfa af bókinni kemur út á íslensku, ensku, þýsku og frönsku.

27 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

**IB**

**ENDUR  
ÚTGAFA**



### Dimmuþríleikurinn 1

Brúin yfir Dimmu

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Myndskr.: Högni Sigurþórsson

Á bókum hinnar illúðlegu Dimmu hafa vöðlungar búið um langan aldur. Friðsöm fjölskyldan í Stöpli er þar engin undantekning, en dag einn verða óvæntir atburðir og Kraki, Míría og Pói litli komast að leyndardómi sem leiðir þau út í óvissuna.

196 bls.

**Dimma**

**IB**

**ENDUR  
ÚTGAFA**



### Dimmuþríleikurinn 2

Ljósín í Dimmuborg

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Myndskr.: Högni Sigurþórsson

Myrkur og drungi hafa lagst yfir Dimmuborg í Mángalíu og íbúarnir óttast hið versta. Draumar og dularfullt kort ásamt leiðsögn um gamlar ferðaleiðir eru meðal þess sem vöðlungarnir snjöllu, Míría, Kraki og Pói, geta notfært sér við leitina að ljósorkusteininum.

239 bls.

**Dimma**

**IB**

**ENDUR  
ÚTGAFA**



### Dimmuþríleikurinn 3

Dimmubókin

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Myndskr.: Högni Sigurþórsson

Addi verður þess áskynja í skemmtiferð til Írlands að til er ævafornt handrit sem heitir Dimmubókin. Hann telur víst að það tengist sögunum um vöðlunga og Mángalíu. Allsendis óvænt lendir hann á framandi slóðum og upplifir töframátt orða. Ævintýraheimur vöðlunga í nýju ljósi.

222 bls.

**Dimma**

**IB**



### Draugagangur á Skuggaskeri


Sigrún Eldjárn

Strokubörnir eru fundin en neita að snúa heim. Sumarið er fram undan og Skuggasker er heimsins besti staður. Eða hvað? Getur verið að hér sé eitthvað hættulegt á sveimi? Spennandi og ríkulega myndskreytt framhald sögunnar *Strokubörnir á Skuggaskeri*.

206 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

**IB**



### Ekki á vísan að róa


Egill Eðvarðsson

Í þessari liflegu vísnaþók mætir til leiks fjöldinn allur af sérlega áhuga-verðum persónum en það er deginum ljósara að það er engan veginn á vísan að róa! Sjónvarpsmaðurinn Egill Eðvarðsson sýnir hér á sér nýja og óvænta hlið í máli og myndum í bók sem bætur, hressir og kætir.

48 bls.

**Veröld**

**IB**



**Fjár sjóðsleit í Granada**

Ólafur Páll Jónsson

Halla, 11 ára stelpa, flytur með foreldrum sínum til Granada. Borgin er óvenjuleg og framandi og geymir gömul leyndarmál. Vín- og mállaus finnst henni hún vera að missa vitið. En þegar fjár sjóð mánanna ber á góma hefst leit að horfnum heimi, allt breytist, og sem betur fer reynist vitið enn á sínum stað.

236 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



**Fjörfræðibók Sveppa**

Sverrir Þór Sverrisson

Sneisafull af alls kyns skemmtilegheitum og fróðleik fyrir krakka á öllum aldri. Hér úir og grúir af gleði, gríni og stórmerkilegu heilafóðri, sem er sett fram á myndrænan hátt.

108 bls.

Bókafélagið (BF-útgáfa)

IB



**Fjörugt ímyndunaraflí**

Huginn Þór Grétarsson


Myndskr.: Andrea Castellani

Gamansöm bók þar sem hversdagsleikinn er kryddaður með fjörugu ímyndunaraflí. Dýr eru í miklu uppáhaldi hjá aðalpersónu bókarinnar og þeim bregður fyrir á hinum ólíklegustu stöðum. Til að mynda er broddgöltur uppi í rúmi þegar hann fer á fætur og hestur felur sig inni í fataskápnun!

34 bls.

Óðinsauga Útgáfa

IB



**Freyja Dís sem vildi bara dansa og dansa**

Birgitta Sif

Freyja Dís vill BARA dansa og dansa en hún er feimin og enginn má sjá til hennar. Einn daginn heyrir hún fallegan söng og þá breytist allt. Gullfalleg saga og glæsilegar myndir eftir verðlaunahöfundinn Birgittu Sif sem fengið hefur frábæra dóma í erlendum stórbliðum.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



**FROZEN hárbókin**

Uppáhaldsgreiddslur Ömmu og Elsu Theodóra Mjöll

Lærðu að greiða þér eins og Anna og Elsa!

Í þessari bók er að finna konunglegar hárgreiddslur og fallegar ljósmyndir sem kenna þær í einföldum skrefum. Bókin hentar vel þeim sem vilja lifa sig inn í töfraveröld systranna úr Arendell.

64 bls.

Edda útgáfa

IB



**Fuglaþrugl og naflakraftl**

Sigrún Eldjárn og Þórarinn Eldjárn

Þessi frábæra bók geymir 21 nýtt og fjörugt ljóð um allt milli himins og jarðar: Ýmiss konar fugla og fuglaþræðu; hesta, hunda og sjóræningja; riddara, ljón og dreka – að ógleymdu sjálfu naflakuskinu sem ekkert skáld hefur áður gefið gaum.

56 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



**Funi og Alda falda**

Hilmar Örn Óskarsson

Funi veit ekkert skemmtilegra en að vera inni OG í tölvunni. Mamma heimtar samt stundum að hann fari út að leika og það gerir Funa alveg ferlega fúlan en svo hittir hann Öldu.

Funi og Alda falda er smíðin að þörfum nýrra lesenda og kjörin fyrir þá sem eru að æfa sig í lestri.

26 bls.

Bókabeitan

IB

RAF



**Gauragangur**

Ólafur Haukur Símonarson

Hér er í senn drepfyndin og háalvarleg þroskasaga einnar skemmtilegustu andhetju Íslands.

Ingvar E. Sigurðsson leikari les. 600 mín.

Hljóðbók.is


HLB

ENDUR ÚTGÁFA

Ingvar E. Sigurðsson les

# ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR

*Falleg bók sem á að vera til á hverju heimili*



# A

llar helstu þjóðsögurnar úr safni Jóns Árnasonar er nú loks fánlegar í fallegri bók. Söguhetjurnar mæta ljóslifandi til leiks á teikningum Freydísar Kristjánsdóttur. Sæmundur fróði, Búkolla, Bakkabræður, djákninn á Myrká, Gilitrutt, Galdra-Loftur og aðrir gamlir kunningjar bíða þess að kynnast nýrri kynslóð.



heimur

Sími 512 7575 • Borgartúni 23 • 105 Reykjavík • heimur@heimur.is • www.heimur.is



**Gula spjaldið í Gautaborg**

Gunnar Helgason

Hér fara Jón Jónsson og félagar á stærsta ungmennafótboltamót í heimi – Gothia Cup. En í Gautaborg snýst lífið um ýmislegt annað en fót-bolta og full ástæða til að gefa gula spjaldið fyrir brot inni á vellinum og utan hans. Æsispennandi lokabindi vinsælasta bókaflokks undanfarinna ára.

340 bls. / Hljóðbókarútgáfa óstýtt  
**Forlagið – Mál og menning**

**IB HLB**

Hljóðbók frá Skynjun Gunnar Helgason les



**Gummi fer í fjallgöngu**

Dagbjört Ásgeirsdóttir

Myndir: Karl Jóhann Jónsson

Þetta er fjórða bókin í bókaröðinni um þá féлага Gumma og Rebba sem lenda í spennandi og stundum hættulegum ævintýrum í sveitinni hjá afa og ömmu. Sögurnar um þá Gumma og Rebba eru með fjölbreyttan orðaforða. Þær henta einkar vel foreldrum sem vilja efla orðaforða og málskilning barna sinna.

34 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**

**IB**



**Gæsa húð 20**

Skuggim í kjallaranum

Helgi Jónsson

Léttur spennulestur fyrir börn og unglínga. Bjarni hefur aldrei mátt fara í kjallarann, ekki mamma hans eða systir. Hvað er þarna niðri? Hann er alveg að deyta úr forvitni.

96 bls.

**Tindur**

**KIL**



**Gæsa húð eldri**

Blóðrauð

Helgi Jónsson

Gæsa húð fyrir eldri lesendur er fyrir unglínga sem vilja magnaða spennu. Í þessum bókum getur allt gerst.

96 bls.

**Tindur**

**KIL**



**Hatturinn frá Katalóníu**

Ólóf Vala Ingvarsdóttir

Haddý hattakona lendir í hremmingum eftir að hatturinn frá Katalóníu er settur á náttborðið hennar. Og eins og í góðum ævintýrum þá berst hjálpin úr óvæntri átt.

24 bls.  
**Bókasmíðjan Selfossi**

**SVK**



**Helgi skoðar heiminn**

Helge ser på verden

Helgi erforscht die Welt

Helgi Explores the World

Helgi skoðar heiminn

Njörður P. Njarðvík

Myndskr.: Halldór Pétursson

Þessi ástsæla barnabók hefur verið endurútgefin á íslensku, ensku og dönsku og kemur einnig út í fyrsta sinn á þýsku.

**NB forlag**

Drifing: Nordic Games

**IB**

**ENDUR ÚTGÁFA**



**Jói Kassi og jólapakkinn**

Jói Kassi og góði staðurinn

Konráð Sigurðsson

Myndskr.: Þórir Karl Celin

Það er aðfangadagur og Jói Kassi fylgist spenntur með krökkunum og risastóra pakkanum. Litabók.

Núna er Jói staddur á heimili ásamt öðrum endurnýttum hlutum og þar er mikill ógnvaldur á ferðinni. Er þetta góði staðurinn sem allir hafa talað um? Henta krökkum 3-8 ára.

24 bls.

**Konráð Sigurðsson**

**SVK**



**Jólasaga úr Ingólfsfjalli**

María Siggadóttir

Myndir: Ellisif Malmo Bjarnadóttir

Í Ingólfsfjalli búa Gryla og Leppalúði með sonum sínum jólasveinunum og jólakettinum. Hér segir frá ferð þeirra til byggða með traktornum frá Tannastöðum.

36 bls.

**Bókasmíðjan Selfossi**

**SVK**





### Jólin hans Hallgríms

Steinunn Jóhannesdóttir

Myndir: Anna Cynthia Leplár

Þótt margt hafi breyst á fjórum öldum er margt kunnuglegt við jólahald heimilisfólksins í Gröf þar sem Hallgrímur Pétursson býr með fjölskyldu sinni – og þá eins og nú kviknar ljós í hjórtum manna þótt myrkið grúfi yfir. Hugljúf jólasaga fyrir alla fjölskylduna.

48 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Kalli Kaldi fer í búðina

Filippus Gunnar Árnason

Myndskr.: Anna Þorkelsdóttir

Í stóru, stóru húsi við einhverja götu í Reykjavík býr strákur sem heitir Karl, en flestir kalla hann Kalla Kalda því hann þykir nokkuð frakkur. Í þessari bók þarf Kalli Kaldi að fara í búðina með mömmu sinni og lendir í smá ævintýri þar.

10 bls.

Vefboxið ehf

SVK



### Kalli Kaldi og snjósleðinn

Filippus Gunnar Árnason

Myndskr.: Anna Þorkelsdóttir

Í stóru, stóru húsi við einhverja götu í Reykjavík býr strákur sem heitir Karl, en flestir kalla hann Kalla Kalda því hann þykir nokkuð frakkur. Í þessari sögu er kominn snjór og Kalla Kalda langar að fara á sleða með hinum krökkunum.

10 bls.

Vefboxið ehf

SVK



### Kalli Kaldi og veiðiferðin

Filippus Gunnar Árnason

Myndskr.: Anna Þorkelsdóttir

Í stóru, stóru húsi við einhverja götu í Reykjavík býr strákur sem heitir Karl, en flestir kalla hann Kalla Kalda því hann þykir nokkuð frakkur. Í þessari bók fer Kalli Kaldi með Guðlaugi afa sínum í veiðiferð að Þingvallavatni og lendir í smá hrakförum.

10 bls.

Vefboxið ehf

SVK

# Flestir þekkja söngvana um Óskasteina, Fola fótalipra og Búálfinn á bænum.

~Óskasteinar~  
Myndskreytt söngvabók með nótum og bókstafshljómum, við texta Hildigunnar Halldórsdóttur.  
Myndir eftir Hjördísi Ingu Ólafsdóttur.



Þessir söngvar auk fjölda annara eru fáanlegir með nótum og bókstafshljómum í ríkulega myndskreyttri bók.



## Geisladiskur fylgir!

27 lög í flutningi afkomenda Hildigunnar Halldórsdóttur.

útgefandi:

**Minningarsjóðurinn**  
**Óskasteinar**

[www.oskasteinar.is](http://www.oskasteinar.is)



[facebook.com/oskasteinar.songvabok](https://facebook.com/oskasteinar.songvabok)





**Kamilla Vindmylla og svikamillurnar**

Hilmar Örn Óskarsson

Hin málgláða Kamilla Vindmylla er mætt aftur og þarf að kljást við algjörlega nýtt vandamál. Vandamál sem er furðulegt og framandi þótt hún þekki það jafn rækilega og sína eigin spegilmynd. Vinir hennar eru þó ekki langt undan þegar gamall andstæðingur mætir með liðsauka sem er engu líkur – og þó ...

142 bls.

**Bókabeitan**



**Kanínan sem fékk ALDREI nóg**

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Brad D. Nault

Hér er á ferð gamansöm en jafnframt beinskeytt gagnrýni á græðgi; ásókn í að eignast alltaf meira og meira og gefa sér aldrei tíma til að njóta ávaxta lífsins. Lesandinn lærir að sá er sæll er sínu ann og allt er gott í hófi. Bók fyrir börn og fullorðna á öllum aldri.

40 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**



**Knúsbókin**

Jóna Valborg Árnadóttir

Myndir: Elsa Nielsen

Í heimsókn hjá ömmu opnast Sólu heill heimur ævintýra sem virðist í fyrstu alls ekki hættulasa. Hrífandi samtímaævintýri sem hvetur bæði börn og fullorðna til forvitnilegra heilabrota. Sjálfstætt framhald *Brosbókarinnar* sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2013.

41 bls.

**Forlagið – Mál og menning**



**Kroppurinn er kraftaverk**

Sigrún Daniélsdóttir

Myndir: Björk Bjarkadóttir

Þessi fallega bók kennir börnum að þykja vænt um líkama sinn, hugsa vel um hann og bera virðingu fyrir líkómun annarra. Það er mikilvægt veganesti sem öll börn ættu að fá að taka með sér út í lífið.

34 bls.

**Forlagið – Mál og menning**



**Krummahöllin, Puti í kexinu og Strandid í ánni**

Björn Daniélsson

Björn Daniélsson (1920–1974) var rithöfundur og skólástjóri á Sauðárkróki. Hér eru endurútgefnar þrjár af barnabókum hans, tvær ætlaðar byrjendum í lestri með upphaflegum myndskreytingum Sigrid Valtingoer og ein falleg saga fyrir lesendur á öllum aldri með nýjum myndum eftir Lindu Ólafsdóttur.

1826 bls.

**Bókabeitan**



**Kuggur 11 og 12**

Ferðaflekjur

Listahátíð

Sigrún Eldjárn

Tvær nýjar sögur um Kugg, Mosa og skemmtilegu mæðgurnar. Í annarri láta þau til sín taka á Listahátíð í Reykjavík en í hinni flakka þau um landið og lesandinn þarf að hjálpa Kuggi að leysa ýmsar þrautir sem verða á vegi hans.

32 bls.

**Forlagið – Mál og menning**




**Leikjábók Latabæjar**

Magnús Scheving

Tómstundabók sem spriklar af fjöri eins og allt sem frá Íþróttálfnum kemur! Alls konar þrautir og verkefni sem börnin geta unað við og sprellað yfir. Yfir 50 límmiðar af Glanna glæp, Söllu stírðu og félögum.

64 bls.

**Sögur útgáfa**



**Ótrúleg ævintýri afa Leitin að Blóðey**

Guðni Línald Benediktsson

Myndir: Ivan Capelli

Kvöld eitt ákveður afi gamli að trúa Kristjáni fyrir æsilegri sögu um galdramenn og ninjur, ljónhesta og dreka, ófreskskur og tröll. Afi segir að sagan sé sönn en þó er hún ótrúlegri en nokkuð sem Kristján hefur heyrt. Bókin hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2014.

184 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**





### Leitin að geislasteininum

Þórunn Steinsdóttir

Myndskr.: Margrét E. Laxness

Söguhetjurnar eru þrjú 12 ára krakkar sem lenda í dularfullum ævintýrum og sýna kjark til að bjarga sér úr hættu. Spennandi og auðlesin bók fyrir börn á aldrinum 6-11 ára.

98 bls.  
Salka

KIL




### Litróf dýranna

Halldór Á. Elvarsson

Í þessari fallegu bók er fjallað um litina með aðstoð skrautlegra dýra frá öllum heimshornum. Halldór Á. Elvarsson hefur sent frá sér vinsælar fræðslubækur fyrir börn, meðal annars *Stafrof dýranna* sem kemur út að nýju nú fyrir jólin.

27 bls.  
Forlagið – Mál og menning

IB



### Lífspörsti

Kristján Jón Guðnason

Teiknimyndasaga.

Með sínum sérstaka teiknistíll leiðir Kristján Jón lesandann í hugarheiminn sinn með mannlegum og áhrifanæmum myndasögum sem hann upplifði á einhvern átt sjálfur.

102 bls.  
Froskur Útgáfa

IB



### Lítill kraftaverk

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Vladimiro Rikowski

Ævintýrlegt ferðalag þar sem lesandinn fær innsýn inn í líf barna um víða veröld og hvernig munaðarlausum börnum er veitt heimili í SOS barnaþorpunum og fá þar tækifæri til að öðlast betra líf. Fróðleg og skemmtileg barnabók um það hverju náungakærleikurinn getur áorkað.

54 bls.


Óðinsauga Útgáfa

IB

# Ævintýri H.C. Andersen

Sígild ævintýri H.C. Andersen eiga erindi við öll börn. Í þessari fallegu útgáfu birtast mörg af vinsælustu ævintýrum hans með einstökum myndskreytingum Val Biros.

Áður hafa komið út í sama flokki: *Dæmisögur Esóps* og *Grimmsævintýri*.



**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík  
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



**Matargatið**

Theodóra J. Sigurðardóttir Blöndal Matreiðslubók fyrir alla krakka með einföldum, stundum skrytnum en alltaf skemmtilegum uppskriftum. Theodóra er matgæðingur fram í fingurgóma og hefur starfað við að matreiða með börnum og fyrir börn um árabil.  
93 bls.  
**Veröld**

IB



**Maxímús Músíkús kætist í kór**

Hallfríður Ólafsdóttir  
Myndir: Þórarinn Már Baldursson  
Fjörug og skemmtileg saga um músina tónelsku sem slegið hefur í gegn meðal íslenskra barna. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem sagan er lesin og Barna- og unglíngakór Íslands flytur lögin sem við sögu koma ásamt Sífonúhljómsveit Íslands.  
34 bls.  
**Forlagið – Mál og menning**

IB



Mói hrekkjusvín 2

**Misskilinn snillingur**

Kristín Helga Gunnarsdóttir  
Myndir: Linda Ólafsdóttir  
Þó að Mói sé algjör tæknisnillingur fara allir á taugum þegar hann skrúfar í sundur raftæki eða hristir nokkrar gosflöskur! Sumir segja að hann sé hrekkjusvín en í raun er hann bara misskilinn snillingur! Skemmtilegar sögur prýddar fjölda mynda.  
112 bls.  
**Forlagið – Mál og menning**

IB



**Mía kemur í heiminn**

Lovísa María Sigurgeirsdóttir  
Myndir: Guðný Hrönn Antonisdóttir  
Mía kemur í heiminn segir frá því sem afi og amma mega ganga í gegnum þegar lítið kríli kemur í heiminn. Barnabók fyrir alla aldurshópa.  
28 bls.  
**Bókaútgáfan Sæmundur**

SVK



**Nammigrísinn**

Huginn Þór Grétarsson  
Myndskr.: Natalie Coulam  
Nonni lendir í óvæntu ævintýri þar sem galdrakarl, tannþínupúki og töfrum gætt nammitré koma við sögu. „Nammí, nammí,“ smjattar Nonni og hámar í sig haug af sælgæti svo tennurnar límast saman af karamellum og hann sviður af sykri á tungunni. Ævintýraleg lærdómssaga fyrir krakka á öllum aldri.  
32 bls.  
**ENDUR ÚTGÁFA**  
**Óðinsauga Útgáfa**

IB



**Nála – riddarasaga**

Eva Þengilsdóttir  
Hugumstór riddari og Nála vinkona hans eru hér í aðalhlutverkum en höfundur sækir innblástur í heim íslenskra sagna og útsaumshefðar. Hugljúf saga með friðarboðskap. Einnig fánleg á ensku.  
32 bls.  
**Salka**

IB



**Nikký og baráttan um bergmálstréð**

Brynja Sif Skúladóttir  
Myndskr.: Halla Þórlaug Óskarsdóttir  
Spennandi saga fyrir 9-12 ára, um Nikký sem eyðir sumarfríinu í Sviss. Sjálfstætt framhald af Nikký og slóð hvítu fjaðrana. Hér taka galdrar og dularfull öfl völdin í litríkum sirkusheimi.  
204 bls.  
**Salka**

IB



**Núi & Nía**

Lína Rut Wilberg og Þorgrímur Þráinsson  
Falleg barnabók úr hugarfylgnum Línu Rutar um ævintýraverurnar Núa og Níu sem búa á undurfagri töfrafreyju ásamt vinum sínum, í sátt og samlyndi. Dag einn kemur sjóræninginn heimtufreki, Stinni staurfötur, siglandi á risaregnhlíf og reynir að stela skýi frá eyjaskeggjum.  
**NB forlag**  
Dreifing: Nordic Games

IB

# KAMILLA VINDMYLLA OG SVIKAMILLURNAR

eftir **Hilmar Örn Óskarsson**

Hin málgláða Kamilla Vindmylla er mætt aftur og þarf að kljást við algjörlega nýtt vandamál. Til allrar hamingju eru vinir hennar ekki langt undan þegar gamall andstæðingur mætir með liðsauka sem er engu líkur.



„Ég frussaði af hlátri við lestur bókarinnar, svo illilega að á blaðsíðu 47 er nú risastór kaffiblettur.“

– Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, FBL.  
Kamilla Vindmylla og bullorðna fólkíð



# RÖKKURHÆÐIR

SJÖTTA BÓKIN Í VINSÆLASTA ÍSLENSKA UNGLINGABÓKAFLOKKNUM!

RÖKKURHÆÐIR 6:

## VÖKUMAÐURINN

eftir Mörtu Hlín Magnadóttur og Birgittu Elínu Hassell

Pétur Kristinn er nýfluttur í gamla húsið við Kirkjulund 1. Stutt er síðan þar áttu sér stað hræðilegir og nú er eitthvað dularfullt á seyði í bakgarðinum hans. Pétur dregst inn í atburðarrás sem er stærri en hann hefði órað fyrir.



**B**  
BÓKABEITAN

WWW.BOKABEITAN.IS • SÍMI 588 6609





**Orkidea og ævintýri orðanna**  
 Svanhvít Magnúsdóttir og Jóhanna Lan  
 Myndir: Sigríður Júlía Bjarnadóttir  
 Bókin fjallar um það hvernig Orkidea uppgötvar ævintýraheim orðanna með móður sinni og lærir að lesa og skrifa. Áhugaverð bók þar sem ritun er stór þáttur í lestrarnáminu. Bókin er skrifuð með það í huga að foreldrar og börn lesi og læri saman.

www.facebook.com/orkideaogae-  
 vintyriordanna  
 31 bls.

**Svanhvít Magnúsdóttir**

IB



**Orri og Orca (Háhyrningurinn)**  
 Ida Surjani

Fyrir alla aldurshópa. Falleg & hugljúf saga um átta ára íslenskan dreng og draum hans um að byggja stórt fiskabúr í stofunni heima hjá sér svo hann geti haft vini sína háhyrningana hjá sér. Fæst hjá Einhverfusamtökunum 8972682, Láki Tours 5466808, Eldingu 8241081, Minnheimur@mail.com, Hahyrningurinn@gmail.com  
 31 bls.

**J-A-G BOOKS**

IB



**Rambað á Reginfjall**

Helgi Ingólfsson  
 Myndskr.: Vladimiro Rikowski  
 Í þorpi í Sæludal, friðsælli vin í mörkinni, búa Hlemmarnir, iðnir við kál-rækt og múlkúabúskap, en áhugalaus-ir um umheiminn. Uns einn góðan veðurdag þegar tveir Hlemmastrákar, Bjartur og Þórgnýr, álpast að heiman knúnir forvitni og komast að því að margt ævintýrið býr hér í heimi...  
 137 bls.

**Öðinsauga Útgáfa**

IB



**Risaedlugeitungurinn**

Árni Arnason  
 Myndskr.: Halldór Baldursson  
 Hér er fjallað um þær skepnur sem ríktu á jörðinni löngu áður en maðurinn birtist í þróunarsögunni. Varpað er ljósi á þennan dularfulla tíma í léttu máli og með skemmtilegum myndum. Inn á milli eru verkefni sem tengjast þessum furðuskepnum, bæði til að teikna og lita, sem og krossgátur eða orðarugl.

48 bls.  
**IDNÚ útgáfa**

SVK



**Síðasti galdrameistarinn**

Ármann Jakobsson  
 Myndir: Berggrún Íris Sævarsdóttir  
 Þegar síðasta meðlimi Drekasér-sveitarinnar mistekst að fella síðasta drekann í ríkinu þarf Kári að glíma við þrjár þrautir til að sanna galdra-kunnáttu sína. Verst að hún er engin! Spennandi ævintýrasaga um hugrekki og vináttu, undirferli og svik, fyrir lesendur frá níu ára aldri.

194 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB



**Skrímslakísi**

Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Raket Helmsdal  
 Litla skrímslinu þykir ógurlega vænt um litla kettlinginn sinn en dag einn hverfur hann og litla skrímslið er miður sín. *Skrímslakísi* er áttunda bókin í flokki sem hefur verið þýddur á fjölmörg tungumál og hlotið verð-laun og viðurkenningar.  
 27 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB



**Skrímslasögur**

Uppl.: Elfar Logi Hannesson  
 Sögur af skrímslum á Íslandi hafa gengið allt frá landnámi. Skrímsli þessi eru margskonar, stór, lítil, ljót og jafnvel lífshættuleg. Á þessari hljóð-bók er að finna úrval skrímslasagna úr þjóðsagnaheimi þjóðarinnar.  
 77 mín.

**Kómedíuleikhúsið**

HLB

Elfar Logi Hannesson les



**Sóla og sólín**

Ólöf Sværissdóttir  
 Myndskr.: Rio Burton  
 Sóla er dóttir Grýlu og einu sinni var hún lítið barn. Þá bjó hún í Grýlu-helli ásamt jólasveinunum, Grýlu og Leppalúða. Þessi saga fjallar um það þegar sólín týndist og Sóla hélt af stað til að finna hana. Hún hittir ýmsar verur og dýr sem eru mishrifa af því að fá aftur sólina og vorið ...  
 30 bls.

**Öðinsauga Útgáfa**

IB

**Vinur minn, vindurinn**  
eftir Bergúnu Írisi Sævarsdóttur

Rok, gola eða logn? Amma segir að það sé gluggaveður og afi horfir á veðurspána. En hvað finnst Kísa þegar laufblöðin byrja að fjúka um allar jarðir?

„Dásamleg bók í alla staði ...“  
Dóra Sigurðardóttir, höfundur Foreldrahandbókanna

„Hvínandi flott bók“  
- Stiggi Stormur

Undurfalleg barnabók undir tréð eða í skóinn!

**TÖFRALAND**  
Töfraheimur fyrir yngstu lesendurna

www.tofraland.is • sími 588 6609

# TVÆR HROLLVEKJANDI Í RÖKKRINU

★★★★★  
kirkus reads

★★★★★  
amazon.com

★★★★★  
POLITIKEN

## Inn í sortann

eftir Celine Kiernan

Taugastrekkjandi spennusaga eftir írskan verðlaunahöfund.

„Gripandi og virkilega frumleg“

**KIRKUS**

## Teningur Mortímers

eftir Kenneth Bøgh Andersen

Sjálfstætt framhald Læringsins sem var valin

ein af bestu þýddu táningabókunum 2013.

**Björt**

Bókaútgáfa

WWW.BJORTUTGAFALIS • SÍMI 588 6609



**Spurningabókin 2014**  
*Hver eru grimmustu farartækin?*  
 Bjarni Þór Guðjónsson og  
 Guðjón Ingi Eiríksson

Hvaða stjörnumerki er hvorki dýr né maður? Hverrar þjóðar er knattspyrnumaðurinn Radamel Falcao? Hvað verða blóðsugur eftir að hafa orðið 100 ára? Hvaða ávöxt borðuðu goðin til að halda sér ungam? Þetta og margar fleiri spurningar um allt milli himins og jarðar.  
 80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

KIL



**Stafaleikurinn**

Huginn Þór Grétarsson  
 Myndskr.: Michael D. Perez  
 Frábær bók til að læra að þekkja stafi og orð. Hentar vel til að kenna börnum að lesa. Bókin er í raun leikur sem gengur út á að þátttakendur láta sér detta í hug orð sem byrja á ákveðnum staf. Þannig æfir lesandinn sig í að hlusta eftir því hvernig orðin eru skrifuð. Að lokum geta börn lesið orðin.  
 56 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

IB



**Sögur úr Biblíunni handa börnum á Norðurlöndum**

Hér fá 15 myndskreytar og 15 rithöfundar á Norðurlöndum að túlka sögur Biblíunnar í myndum og máli út frá sjónarhóli barna. Hér ríkir gleði og kímni í fræðandi sögum Biblíunnar og gerð áhugaverð tilraun til að færa biblíusögurnar til þeirra, endursegja þær út frá hugarheimi norræna barna. Fjörleg frásögn fyrir sex ára og eldri.  
 154 bls.

**Skálholtsútgáfan**

IB



**Söngur snáksins**

Eyrún Ósk Jónsdóttir og  
 Helgi Sverrisson  
 Lára á sér marga drauma. Hana langar til að eignast kærasta, ganga eftir Kínamúrnum, læra leiklist, fljúga í loftbel, borða krókódíl, stofna minningarsjóð um litla bróður ofl.  
 En hlutir geta farið úr skorðum og Lára á auðvelt með að rata í vandræði. Er rétt að ræna banka til að hjálpa nauðstöddum börnum?  
 250 bls.

**Jófríðarstaðir**

SVK



**Tröllastrákurinn eignast vini**

Sigríður Arnardóttir  
 Myndskr.: Freydis Kristjánsdóttir  
 Sérlega skemmtileg og þroskandi saga eftir Sigríði Arnardóttur – Sirrý – með gullfallegum og liflegum myndum Freydisar Kristjánsdóttur. Bókinni fylgir geisladiskur með lestri Kristjáns Franklins Magnús leikara á sögunni.  
 32 bls.

**Veröld**

IB




**Umhverfis Ísland í 30 tilraunum**

Ævar Þór Benediktsson  
 Hér setur Ævar vísindamaður Ísland undir smásjána og rannsakar allt sem fyrir augu ber. Skrítn, skemmtileg, fýrind og forvitnileg bók fyrir krakka á öllum aldri, stútfull af fróðleik, sögum, þjóðsögum og fjölbreyttum tilraunum sem hægt er að gera á ferðalagi eða heima.  
 288 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



**Vinur minn, vindurinn**

Bergrún Íris Sævarsdóttir  
 Rok, gola eða logn? Amma segir að það sé gluggaveður og afi horfir á veðurspána. Kisa finnst hins vegar skemmtilegast að elta laufblöðin þegar hversir. Í þessari undurfallegu barnabók er umfjöllunarefnið upphaldsumræðuefni Íslendinga á öllum aldri – veðrið.  
 32 bls.

**Töfraland**

IB



**Vísindabók Villa 2**

Vilhelm Anton Jónsson  
 Vísindabók Villa sló rækilega í gegn í fyrra og hér heldur Villi áfram að fjalla á skemmtilegan og einfaldan hátt um undur alheimsins og vísindanna, meðal annars dínamít, loft-hjúppinn, andefni, steingervinga og snjókorn. Bókin geymir auk þess fjölda skemmtilegra tilrauna.  
 97 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB





### Rökkurhæðir Vökumaðurinn

Marta Hlín Magnadóttir og  
Birgitta Elin Hassell

Pétur Kristinn er nýfluttur í gamla prestbústaðinn við Kirkjulund 1. Stutt er síðan þar áttu sér stað hræðilegir atburðir og nú er eitthvað dularfullt á seyði í bakgarðinum – sem liggur upp að kirkjugarðinum. Pétur dregst inn í atburðarrás sem er stærri en hann hefði órað fyrir.

197 bls.

**Bókabeitan**



### Prettán dagar til jóla

*A Fortnight Before Christmas*  
Prettán dagar til jóla

Brian Pilkington

Dag einn finnur Grýla skrýtinn hlut í snjónum og kemst fljótt að því að með honum er hægt að skemmta sér stórkostlega vel. Þessi fallega jólasaga kemur út á íslensku og ensku og er tilvalin gjöf til allra sem verða jóla-börn á adventunni.

32 bls.

**Forlagið – Mál og menning**



### Þín eigin Þjóðsaga

Ævar Þór Benediktsson

Þjóðsögurnar eru fullar af skessum, skrímslum og öðrum furðuverum en hvað myndir þú gera ef þú hittir þessar skepnur? Þetta er skemmtileg bók sem virkar eins og tölvuleikur því ÞÚ ræður hvað gerist og bókin getur endað á fimmtíu ólíka vegu! Óþrjótandi skemmtun fyrir krakka frá 9 ára aldri.

311 bls.

**Forlagið – Mál og menning**



### Ævintýri á Klakaströnd

Ósk Laufdal

Sagan segir af þremur systurum sem búa í afskekktu þorpi.

Einn daginn finna þær lítinn ísbjarnarhún sem þær gefa nafnið Óskar. Ísbjörninn Óskar lendir í ýmsum ævintýrum því ótal óvæntir atburðir verða á vegi hans.

En ekki er allt sem sýnist og að eins einn atburður verður til þess að breyta allri sögunni.

40 bls.

**Ósk Laufdal**



## KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRRA BARNA- OG UNGLINGABÓKA

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGUNA 22.-23. NÓV. 2014

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Barnabækur

## ÞÝDDAR



### Dóra landkönnuður 1000 límmiðar

Þýð.: Illugi Jökulsson

Allir krakkar elska Dóru landkönnuð. Í þessari litríku og bráðfallegu tómstundabók er fjöldi skemmtilegra verkefna fyrir yngri börnin, og 1.000 límmiðar af Dóru og vinum hennar. 64 bls.

**Sögur útgáfa**

SVK



### 5 mínútna sögur

Samant.: Laura Baker og Catherine Ard

Með þessum fjársjóði fimm mínútna sagna, dæmisagna og hugljúfu ævintýra gefst alltaf tími til að lesa saman. Fleiri en þrjátíu sögur eru í þessu heillandi safni og hver um sig hentar við upphaf, miðbik eða lok annasams dags. 192 bls.

**Steinegg ehf**

IB



### Ástríkur og víkingarnir

René Goscinny og Albert Uderzo  
Teiknimyndasaga.

30 ár eru liðin síðan síðasta Ástríksbók kom út á Íslensku og vel við hæfi að bjóða lesendum í heimsókn til forfedra Íslendinga til Gaulverjabæjar. Sprenghlægileg!

Frá 7 ára aldri.  
48 bls.

**Froskur Útgáfa**

IB



### Bert og freistingarnar

Sören Olsson og Anders Jacobsson  
Þýð.: Jón Daníelsson

Bert á að byrja í unglingsdeild í haust. Hann, Litli-Eiríkur, Reza og Áki ætla að nýta sumarið til að verða stórir og sterkir. Þeir ákveða þess vegna að einbeita sér að þjálfun í stelpuskoðum, kossum og fleiru sem nauðsynlegt er að kunna í unglingsdeild. 140 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

IB



### Búðu til þín eigin Vinabönd

Þýð.: Bókafélagið

Litskrúðug bók sem kennir börnum að búa til gullfalleg vinabönd. Litrík bönd og skraut ásamt leiðbeiningum fylgir með bókinni. 32 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

IB



### Bætum okkar skólaferni

Þýð.: Kristín Ásta Þórsdóttir

Þjálfaðu barnið í að skrifa og teikna með því að leysa þroskandi og skemmtileg verkefni.

**Unga ástin mín**

HSP



### Dagbók Kidda klaufa 6

*Kaldur vetur*

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Kiddi er löngu búinn að festa sig í sessi og hér halda ævintýri hans áfram. Nú er kominn kaldur vetur, allt á kafi í snjó, og það er ekki það skemmtilegasta sem Kiddi getur hugsað sér.

224 bls.

Tindur

IB



### Demantaráðgátan

Martin Widmark

Myndir: Helena Willis

Þýð.: Íris Baldursdóttir

Þegar lögreglan í Víkurbæ getur ekki leyst flókin glæpamál er leitað til Lalla og Maju, snjallra krakka sem reka spæjarastofu og finna vísendingar á óvæntum stöðum. Litrík og grípandi bók eftir einn vinsælasta barnabókahöfund Svíþjóðar. Hentar spæjurum á aldrinum 6–10 ára.

77 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



### Dúkkulísur – Mjallhvít

*Föndur með dúkkulísum, fötum og skartgripum*

Þýð.: Sara

Í ævintýrinu um Mjallhvít ert þú tískuhönnuður hennar og getur valið á hana föt og skartgripa á hátíðum í höllinni.

Leiktu þér með prinsessuna og klæddu hana töfrandi fatnaði.

*Góð bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Dúkkulísur – Öskubuska

*Föndur með dúkkulísum, fötum og skartgripum*

Þýð.: Sara

Í ævintýrinu um Öskubusku ert þú tískuhönnuður hennar og getur valið á hana föt og skartgripa á hátíðum í höllinni.

Leiktu þér með prinsessuna og klæddu hana töfrandi fatnaði.

*Góð bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



### Dýravírin

Þýð.: Kristín Ásta Þórsdóttir

Þjartir litir og skemmtilegar myndir fyrir litla dýravíni. Auðvelt er að hengja bókina við barnabílstólinn, eða hvar þar sem barnið er.

10 bls.

Unga ástin mín

HSP



### Einar Áskell

*Engan asa, Einar Áskell*

*Góða nótt, Einar Áskell*

Gunilla Bergström

Þýð.: Sigrún Árnadóttir

Tvær sígildar bækur um prakkarann Einar Áskel sem allir krakkar þekjka.

32/26 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

ENDUR  
UTGÁFA

# Einu sinni var ...

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúta 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



### Engillinn í eyjunni

Levi Henriksen

Þýð.: Sigurður Helgason

Astrid býr til skiptis hjá pabba og mömmu eftir að þau hafa skilið.

Hún grípur til sinna ráða til að sameina fjölskylduna aftur.

Skemmtileg bók um hugmyndaríka stúlkur.

206 bls.

**Bókaormurinn**

Dreifing: Draumsýn

KIL



### Ég er eins árs – Að skoða, leita og finna

Litrík harðspjaldabók  
fyrir yngstu börnin

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Þegar fullorðnir lesa bækur með ung-  
börnum eykst orðaforðinn og þau  
langar til að heyra meira og skoða.

Bækurnar um Emil eru með hríf-  
andi texta og litríkum myndum.

*Góð bók fyrir börn frá eins ára  
aldri.*

14 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Ég er tveggja ára – Að leita og læra

Litrík harðspjaldabók  
fyrir yngstu börnin

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Þegar fullorðnir lesa bækur með  
börnum eykst orðaforði þeirra og þau  
langar til að heyra meira og skoða.

Bækurnar um Emil eru með hríf-  
andi texta og litríkum myndum.

*Góð bók fyrir börn frá tveggja ára  
aldri.*

14 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Ég er þriggja ára – Að leika, leita og læra

Litrík harðspjaldabók  
fyrir yngstu börnin

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Þegar fullorðnir lesa bækur með börn-  
um eykst orðaforði þeirra og þau lang-  
ar til að heyra meira, skoða og læra.

Bækurnar um Emil eru með hríf-  
andi texta og litríkum myndum.

*Góð bók fyrir börn frá þriggja ára  
aldri.*

14 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Ég og besti vinur minn – Birta og Bína

Fingrabréðubók með sögu  
fyrir yngstu börnin

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Birta er að vinna í garðinum og besta  
vinkona hennar, kanínan Bína, hjálp-  
ar henni. Að lokum hafa þær í sam-  
einingu búið til fallegan garð.

*Krúttleg bók fyrir börn frá tveggja  
ára aldri.*

10 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Ég og besti vinur minn – Kobbi og Keli

Fingrabréðubók með sögu  
fyrir yngstu börnin

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Kobbi er að fara að veiða niður við  
tjörnina. Það er heppilegt að Keli kisa,  
besti vinur hans, er með honum, því  
allt getur gerst ef þeir krækja í fisk.

*Krúttleg bók fyrir börn frá tveggja  
ára aldri.*

10 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Fjörungur bossar

Sam Taplin

Þýð.: Kristín Ásta Þórsdóttir

Refir prumpa ... kanínur prumpa  
... og meira að segja bangsapabbi  
prumpar! Það stenst ekkert barn að  
ýta á takkana á þessari mögnuðu bók  
og skemmta sér um leið við hljóðin  
sem þessir fjörungur bossar gefa frá sér.

10 bls.

**Unga ástin mín**

HSP



### FROZEN – Anna og Elsa eignast nýjan vin

Walt Disney

Falleg saga um systurnar vinsælu,

Önnu og Elsu í Arendell!


Systurnar Anna og Elsa eru í óða-  
önn að undirbúa mikla veislu fyrir  
þegna Arendell. Þær halda til fjalla  
ásamt Ólafi vini sínum í leit að falleg-  
um dverggliljum en finna sér til mikill-  
ar undrunar lítinn hreindýrskálf sem  
er í vanda staddur.

24 bls.

**Edda útgáfa**

KIL

HVAÐ EF ÖLL VERÖLD ÞÍN VÆRI LYGI?



## SPENNUÞRUNGINN ENDIR DIVERGENT ÞRÍLEIKSINS



Afbrigði var valin  
**BESTA ÞÝDDA TÁNINGABÓKIN**  
af starfsfólki bókaverslana

Besta ungmennabókin í flokki  
Fantasy & Science Fiction  
goodreads

BÓKAFLOKKURINN SEM SLÆR SJÁLFUM HUNGURLEIKUNUM VIÐ!

**Björt**

Bókaútgáfa

WWW.BJORTUTGAGA.IS · SÍMI 588 6609




### FROZEN – Ævintýri Önnu

Walt Disney

Hér er saga systrana Önnu og Elsu, prinsessanna af Arendell, sögð frá sjónarhóli hinnar hugrökku og kraftmiklu Önnu. Hvernig hún sér nýja hlið á Elsu, hittir Kristján, Svein, Ólaf og tröllin – og uppgötvur máttinn sem býr í sannri ást.  
79 bls.

**Edda útgáfa**

IB



### Fúsi froskagleypir

Ole Lund Kirkegaard


Þýð.: Anna Valdimarsdóttir

Allir eru hræddir við Fúsa froskagleypi, hættulegasta þorpara bæjarins, en ekkert er skemmtilegra en að stríða honum svolítið. Og þá getur sko komið sér vel að vera lítill! *Fúsi froskagleypir* er ein vinsælasta saga danska barnabókahöfundarins Ole Lund Kirkegaards.  
123 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB

ENDUR  
ÚTGÁFA



### Fyrsta orðabók Depils

Eric Hill

Þýð.: Birna Klara Björnsdóttir

Þessi fallega bók er stúf full af skemmtilegum orðum og litríkum myndum. Til að auka enn frekar á ánægjuna leynist líka eitthvað undir flípunum!

12 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

HSP



### Fyrsta teiknibókin Í sveit

Teiknið og þurrkið með penna sem fylgir bókinni

Þýð.: Rúna Gísladóttir

Barnið æfir sig í skrift og teikningu og lærir jafnframt um lífið í sveitinni.

Á síðurnar má teikna með sérstökum penna sem fylgir bókinni og þurrka út. Barnið getur því notað bókina aftur og aftur.

*Góð bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

24 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Fyrstu 1000 orðin

Þýð.: Snjólaug Lúdvíksdóttir

Börnin þekkja myndirnar og skemmta sér við að segja hvort öðru sögur! Í þessari liflegu og myndrænu orðabók læra börnin 1000 orð... og svo miklu meira!

59 bls.

**Unga ástin mín**

IB



Goðheimar 5

### Förin til Útgarða-Loka

Peter Madsen

Þýð.: Bjarni Fr. Karlsson

Loki og Þór ætla til Útgarða og losa sig við óþæga smájötuninn Kark. Útgarða-Loki leggur til keppni í ýmsum greinum en eru brögð í tafli? Bókaflokkurinn um Goðheima hóf göngu sína fyrir rúmum þrjátíu árum og nýtur enn gríðarlegra vinsælda um allan heim.

48 bls.

**Forlagið – Iðunn**

IB

ENDUR  
ÚTGÁFA



Óvættafór 16

### Gorgóníuhundurinn Kímon

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Sextánda bókin í ævintýraflokknum Óvættafór. Í yfirgefnum kastala í Myrkraríkinu er Gorgóníuhundurinn Kímon á vakk. Hann er einn af sex skelfilegum óvættum sem galdrakarlinn vondi hefur sleppt lausum. Nú reynir á kænsku Toms og Elennu að yfirbuga ófreskjuna.

128 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

KIL

HVER ER ÞÍN  
SAGA?

PENNINN

Eymundsson

www.penninn.is | www.eymundsson.is



### Hávert fótboltafjör

**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**  
Fylgstu með Billa og fótboltaliðinu hans í þessari myndskreyttu og fjörugu sögu. Sex hljóðhnappar auka á upplifunina.

10 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

HSP



### Hundurinn minn


*Hvernig? Hver? Af hverju?*  
**Patricia Mennen**

**Myndir: Ursula Weller**

Hvernig? Hver? Af hverju? Börn spyrja ótal spurninga. Af hverju vill hundurinn fara í göngutúr? Hvað þarf hvolpur að læra? Hvernig talar hundur? Nákvæmar myndir sýna efnið í smáatriðum. Fróðleiksflípar varpa ljósi á spennandi þekkingarmola.

16 bls.  
**Bókaforlagið Bifróst**

GOR



### Hvað gerðist þá?

**Tove Jansson**  
**Þýð.: Böðvar Guðmundsson**  
Múmínsnáðinn er á heimleið með mjólkurbrúsa handa mömmu sinni en lendir í ótal ævintýrum á leiðinni sem sagt er frá í stórskemmtilegum vísium. Þessi gullfallega bók er ein af upprunalegu myndabókunum um múmínálfana og kom fyrst út í Finnlandi 1952.

25 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB

**ENDUR  
ÚTGÁFA**



### Hvar er Valli?

*Hollywood*

*Ævintýraferðin*

**Martin Handford**

**Þýð.: Sigprúður Gunnarsdóttir**

Tvær bækur um ævintýri Valla sem aldrei hafa komið út á íslensku áður. Nú er hægt að leita að Valla í Kafarahafinu, yfirfullum þjófahelli og á öðrum spennandi stöðum. Óþrjótandi skemmtun fyrir krakka á öllum aldri.

27 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB

## Fróðleiksbók handa börnum

Hvernig? Hver? Af hverju?

Í þessari bók kynnast börnin

honum Illuga og hvolpinum hans.

Bókina prýða fallegar myndir með

lyftiflipum á hverri síðu.





### Hver brunar svona hjá?

Thomas Müller

Þýð.: Sigprúður Gunnarsdóttir

Dráttarvélin, mótörhjólíði, sjúkrabíllinn, jeppinn, glæsikerran, reiðhjólíði og grafan bruna öll í sömu áttina – en hvert? Skemmtileg bendibók með stífum spjöldum fyrir smáfolk sem hefur áhuga á farartækjum af öllum stærðum og gerðum.

35 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

HSP



### Hvernig passa á afa

Jean Reagan

Þýð.: Björgvín E. Björgvinsson

Myndir: Lee Wildish

Hvernig passa á afa fjallar um ungan dreng sem gefur góð ráð um hvernig hafa má ofanaf fyrir afa í heilan dag. Hvað er hægt að gera þegar farið er með afa í göngutúr? Hvernig skemmtir maður afa eða svæfir hann þegar hann er farinn að þreytast? Gæðabók með glettinn tón.

24 bls.

**Bókaútgáfan Björk**

IB



### Íslenska-enska-spænska 1000 orð og límmiðar

Orðabók með límmiðum

Þýð.: Ragnheiður Kristinsdóttir

1000 algeng orð á íslensku, ensku og spænsku með litríkum myndum.

Hver síða er með ákveðið þema og því léttara að læra orðin.

100 límmiðar gera bókina enn skemmtilegri!

Tilvalin bók fyrir alla krakka sem hafa áhuga á tungumálum.

63 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

SVK



### Jólaþjör – 20 myndir úr fíltfni og fimm leikmyndir

Skapandi bók með færanlegum efnismyndum

Þýð.: Helga R. Mogensen

Börn geta tengt einfaldan texta við efnismyndirnar sem fylgja bókinni.


Efnismyndirnar festast við mjúku blaðsíðurnar. Þær er svo hægt að taka af aftur og endurskapa söguna.

Góð bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

10 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Jólasyrpa 2014

Walt Disney

Jólin eru á næsta leiti og íbúar Andabæjar hlakka til!

Árlega Jólasyrpa Disney kemur öllum í rétta jólaskapið.

254 bls.

**Edda útgáfa**

IB



### Komdu að leika, litla mús

Hristibók með hljóði músarinnar

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Litil feimin mús eignast vini og uppgötvar hæfileika sína.

Hristu bókina til að heyrna í litlu músinni og gera söguna meira spennandi.

Góð bók fyrir börn frá tveggja ára aldri.

20 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Krakka Atlas

Glæsileg kortabók með 120 gluggum

Þýð.: Örnólfur Thorlacius

Glæstær byggingar, framandleg dýr og einstætt landslag.

Skoðið myndskreyttu kortin, öpníð gluggana sem allir eru með texta og myndum og þá mun margt áhugavert koma í ljós.

Tilvalin bók fyrir alla krakka sem hafa áhuga á heiminum.

14 bls.

**Setberg bókaútgáfa**

HSP



### Leitum og finnum: Prinsessa

Þýð.: Bökafélagið


Sólbjörta prinsessu hefur verið boðið á ball en hún á engan kjól til að fara í. Leitaðu um allt að gimsteinum, fjöðrum og öðru sem Sólbjört þarf fyrir ballið. Armband fylgir með.

30 bls.

**Bökafélagið (BF-útgáfa)**

IB





### Leyndarmál Lindu

Rachel Renee Russell


Þýð.: Helgi Jónsson

Nýr bókaflökkur í anda Kidda klaufa – sérstaklega fyrir stelpur. Dagbókarform, teikningar á hverri síðu, aðgengilegur texti og hversdagsleg mál efni sem eru sett fram á fyndinn hátt. Metsölubók víða um heim.

224 bls.

Tindur

IB



Seiðfólkið

### Leyndarmálið

Jo Salmson

Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir

Myndskr.: Natalia Batista

Arel er í herþjálfun. Enó er kominn af kaupmönnum. Sól elst upp hjá eldabuskunni. Þau eru vinir – en enginn má vita það. Þegar þau uppgötva hræðilegt leyndarmál breytist allt.

Höf. hlutu Norrænu barnabókaverðl.

árið 2013 fyrir flokkinn í heild sinni.

124 bls.

Bókabeitan

IB



### Litla orðabókin um Farartæki

Fræðandi harðspjaldabók

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Góð kynning á farartækjum í umhverfi okkar.

Hentug bók fyrir yngstu kynslóðina.

Fallegar ljósmyndir og einföld orð.

Góð bók fyrir börn frá tveggja ára aldri.

14 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Litla orðabókin um

### Fyrstu orðin

Fræðandi harðspjaldabók

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Góð kynning á fyrstu orðunum í umhverfi okkar.

Hentug bók fyrir yngstu kynslóðina.

Fallegar ljósmyndir og einföld orð.

Góð bók fyrir börn frá tveggja ára aldri.

14 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Litla orðabókin um Sveitalíf

Fræðandi harðspjaldabók

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Góð kynning á orðum sem tengjast sveit.

Hentug bók fyrir yngstu kynslóðina.

Fallegar ljósmyndir og einföld orð.

Góð bók fyrir börn frá tveggja ára aldri.

14 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



### Litli ferðafélaginn

Límmiðar, þrautir, gátur og verkefni

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Skemmtileg ferðaföndurbók með fjölbreyttum og einföldum verkefnum.

Tilvalin afþreying fyrir unga fólkið, t.d. á ferðalögum.

Góð bók fyrir börn frá fjögurra ára aldri.

64 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

heimkaup.is

Allar bækurnar  
í Bókatíðindum



Frí heimsending ef pantað er fyrir meira en 4.000 krónur. Afhendum sama kvöld á höfuðborgarsvæðinu og daginn eftir víðast hvar annarsstaðar!

**Litlu dýrin**

Mjúk, litrik og falleg taubók fyrir lítil börn að leika með.

**Unga ástin mín**

SVK

**Litríkar vinnuvélar**

Þýð.: Kristín Ásta Þórsdóttir  
Komdu með og ýttu á hljóðhnappa í fallegri hljóðbók um litríkar vinnuvélar.

10 bls.

**Unga ástin mín**

HSP

Rannsókn á deilum Íslendinga og verslunarfélags sem verslaði á Íslandi á 18. öld. Konungurinn Friðrik V., hafði gefið Innréttingunum tvær fiskiduggur og um haustið 1752 sigldi Skúli Magnússon af stað með afla sumarsins til Hafnar. Spruttu af þessu deilur sem ekki voru útkljáðar fyrr en vorið 1757.

539 bls.

Háskólaprent ehf

SVK



## Eyðibýli á Íslandi 6. bindi

*Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum*

*húsum í Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu sumarið 2014*

Umsj.: Gísli Sverrir Árnason og Sigbjörn Kjartansson

Fjallað er um eyðibýli í Múlasýslum í máli og myndum. Höfundar eru háskólanemar í arkitektúr o.fl. greinum. Fyrri bindi ritverksins eru um Suðurland, Vesturland, Vestfirði og Norðurland. Nánar á [www.eydibyli.is](http://www.eydibyli.is)

147 bls.  
Eyðibýli-áhugamannafélag

SVK



## Eyðibýli á Íslandi 7. bindi

*Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum*

*húsum í Árnassýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Vestmannaeyjum*

Umsj.: Gísli Sverrir Árnason og Sigbjörn Kjartansson

Fjallað er um eyðibýli á Suðvesturlandi í máli og myndum. Höfundar eru háskólanemar í arkitektúr o.fl. greinum. Fyrri bindi eru um Suðurland, Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland. [www.eydibyli.is](http://www.eydibyli.is)

165 bls.

Eyðibýli-áhugamannafélag

SVK



## Frá Bjargtöngum að Djúpi. Nýr flokkur. 7. bindi


Ritstj.: Hallgrímur Sveinsson

Vestfirðingar eiga fáa sína líka. Kemur það glögg fram í Bjargtangabókunum sem nú eru orðnar 17. Margir landskunnir og minna þekktir höfundar skrifa um vestfirskt mannlíf. Fjöldi sögulegra ljósmynda sem aldrei hafa birst áður. Mjög aðgengilegt verk fyrir alla sem hafa áhuga á mannlífi í landinu.

160 bls.

Vestfirska forlagið

IB



## Grafningur og Grímsnes

*Byggðasaga*

Ritstj.: Sigurður Kristinn Hermundarson

Hér fjallað um Grafning, sögu og mannlíf, á árunum 1890–2012 og Grímsnes að hluta til, einkum Sogsvirkjanir og Ljósafossskóla. Hverri jörð er lýst og í ábúendatali er þráðurinn rakinn bæ frá bæ og grein gerð fyrir ábúendum og niðjum þeirra. Mikið ítarefni er hluti af verkinu, sem og fjöldi merka mynda.

302 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB





### Háski í hafi II, hafís grandar Kong Trygve Illugi Jökulsson

Annað bindi um sjóslys og björgun-  
ararfrek við Ísland í upphafi 20. aldar.  
Magnaðar frásagnir og mannlíf á ystu  
nóf. Í þessari nýju bók er athyglinni  
sérstaklega beint að því er farþega-  
skip fórst í hafís 1907 og ótrúlegri  
björgun nokkurra skipverja.  
300 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



### Hornstrandir og Jökulfirðir 3. bók

Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Margar voru hetjurnar sem bjuggu  
á Hornströndum. En það er eins og  
fyrrri daginn: Hlutur kvenhetjanna  
gleymist alltof oft! Í þessari bók  
reynum við að draga fram hlut Horn-  
strandakonunnar.

Hornstrandir heilla. Við þurfum að  
rifja upp frásagnir af því fólki sem þar  
lifði og hræðist.  
112 bls.

**Vestfirski forlagið**

KIL



### Húsið á Eyrarbakka

Lýður Pálsson

Í bókinni er rakin saga Hússins á Eyr-  
arbakka sem er eitt elsta hús landsins,  
byggt árið 1765. Þar bjuggu kaup-  
menn Eyrarbakka-verslunar um aldir  
og áhrifa frá því gætti víða.  
80 bls.

**Byggðasafn Árnesinga**

Dreifing: Bókaútgáfan Sæmundur

IB




### Krónika úr Biskupstungum

Bjarni Harðarson

Í bókinni er rakin 100 ára ættarsaga  
mektarfólks frá Vatnsleysu. Sauða-  
gull, heimskreppa og braskarar;  
harmrænar og rómantískar sögur.  
Bókin dregur upp hvernig nútíma-  
samfélag verður til þar sem þeir  
íhaldssömu leiða byltingu nýrra tíma.  
192 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

SVK



### Náttúrugæði í hundrað ár

Saga veitnanna á Akureyri

Gísli Jónsson og Jón Hjaltason

Saga vatnsskömmtnar, rafmagns-  
leysis og örventingarfullrar leitar  
að heitu vatni. En líka saga sigra. Á  
fjórða hundrað ljósmyndir prýða  
þessa fróðlegu bók. Saga veitnanna  
á Akureyri veitir einstæða sýn á hið  
„sjálfsagða“ í veröld mannsins.  
392 bls.

**Völuspá, útgáfa ehf**

IB



### Saga Garðabæjar – I-IV

Steinar J. Lúðvíksson

Hér er saga þessa sveitarfélags rakin  
allt frá landnámsöld. Álfthaneshreppur  
hinn forni var öflugur en eftir að  
honum var skipt upp og Hafnar-  
fjörður öðlaðist kaupstaðarréttindi  
stóð Garðahreppur eftir sem fátækur  
og fámennur sveitahreppur. Á undra-  
skömmum tíma hefur hann orðið að  
einu blómlegasta bæjarfélagi lands-  
ins.

1.900 bls.

**Garðabær**

IB

## STEINALDARVEISLAN

Valgarður Egilsson

**Mögnuð frásögn** sem spinnur þræði um fjölskyldur og landslag í Höfðahverfi, á Látraströnd og í Fjörðum með stórbrotnum mannlýsingum og hetjusögum af baráttu fólks í harðneskjulegu umhverfi að fornu og nýju. Frásögnin ber með sér ríka tilfinningu fyrir öllum ríkjum náttúrunnar og samleik þeirra frá upphafi lífsins; hún er rakin eftir genunum til samtíma – og uppistaðan í þessum fjölþætta vef er lífssaga Valgarðs. Hann gengur nærri sjálfum sér og miðlar næmri sýn á samferðafólk, skepnur, land og gróður þannig að úr verður marggradda hljómkviða sem tekst á við áleitnar spurningar um lífið á jörðinni og ábyrgð okkar á því. Sannarlega áhrifamikil verk langreyns vísindamanns sem hefur lokað dyrum rannsóknastofunnar á eftir sér og gerir hér upp erindi fræða sinna við mannlífið.

**SAGA**  
FORLAG

Flokagata 65 – 105 Reykjavík • Sími: 552-8989

[www.sagaforlag.is](http://www.sagaforlag.is) • [vinland@centrum.is](mailto:vinland@centrum.is)





**Saga Sveinafélags skipasmiða 1936–1983**

**Porgirímur Gestsson**

Sveinafélag skipasmiða var stofnað árið 1936 og hóf þegar baráttu fyrir bættum kjörum félagsmanna og öðrum réttindum en ekki síður eflingu innlendra skipasmiða. Sú baráttu var þó erfið og var löngum við skilningsleysi stjórnvalda að stríða. Þrátt fyrir þetta voru smíðuð furðumörg tréskíp á Íslandi.

192 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB



**Steinaldarveislan**

**Valgarður Egilsson**

Mögnuð frásögn sem spinnur þræði um fólk og landslag í Höfðahverfi, á Látraströnd og í Fjörðum. Uppistaðan er lífssaga Valgarðs sem gengur nærri sjálfum sér og tekst á við áleitnar spurningar um lífið á jörðinni og ábyrgð okkar á því. Áhrifamikil verk reynds vísindamanns sem gerir hér upp erindi fræða sinna.

**Saga forlag**

IB



**Sveitin í sálinni**

*Búskapur og ræktun í Reykjavík 1930–1970*

**Eggert Þór Bernharðsson**

Reykjavík dró lengi dóm af því að margir bæjarbúar voru sveitamennt sem höfðu með sér viðhorf og venjur úr áttíðunum. Hér er rakið í ítarlegum texta og rúmlega 500 ljósmyndum hvernig steinsteypan og malbikið náðu smám saman yfirhöndinni en búsmalinn lét undan síga.

312 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

IB



**Ýmislegt frá fyrri tímum**

*Þettir úr verkum sagnfræðings*

**Lýður Björnsson**

Lýður Björnsson þarf ekki að kynna fyrir þeim sem unna svokölluðum þjóðlegum fróðleik. Höfundarverk hans er ótrúlegt að vöxtum. Kennir þar ýmissa grasa. Í tilefni af átræðisafmæli hans er Vestfirska forlaginu mikill heiður að gefa út valið efni frá ýmsum tímum eftir þennan vestfirski eljumann.

192 bls.

**Vestfirska forlagið**

KIL



**Það er kominn gestur**

*Saga ferðabjónustu á Íslandi*

**Sigurveig Jónsdóttir og Helga Guðrún Johnson**

Saga ferðabjónustu á Íslandi er dálítið kraftaverk. Á liðlega 100 árum hefur það sem þótti sjálfsgöð gestrisni við fáeina ferðalanga þróast upp í að verða ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar, og sér ekki fyrir endann á því ævintýri. Þessi magnaða saga er fjórlega rakin og búin fjöldamörgum ljósmyndum.

332 bls.

**Samtök ferðabjónustunnar**

IB



**Örnefni í Mjóafirði**

**Vilhjálmur Hjálmarsson**

Meginefni bókarinnar er örnefnaskrá heimabygðar höfundarins. Örnefnum og staðháttum umhverfis Mjóafjörð er lýst á greinargóðan og lifandi hátt en alls eru skráð um 1800 örnefni. Örnefnaskránni fylgja 30 litmyndir sem örnefni hafa verið merkt inn á, auk fjölda annarra mynda. Einnig eru kaflar með þjóðsögum, frásögnum og öðrum fróðleik.

286 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB


heimkaup.is

**Allar bækurnar í Bókatiðindum**

HEIMKAUP

...Í EINUM SMELLI

# Ævisögur og endurminningar



## Afhjúpun

*Leyndarmál og lífshlaup ritstjóra*

**Reynir Traustason**

Sjómaðurinn Reynir Traustason varð fréttaritari DV á Flateyri. Fréttaritarinn varð ritstjóri og eigandi DV. Við sögu koma átök og hneyksli sem skóku íslenskt samfélag. Mál Árna Johnsen, Æsumálið, Landssímamálið og nú síðast Lekamálið og átökin sem kostuðu hann starfið. Þetta er fréttævisaga.

300 bls.

**Góður punktur ehf**

SVK



## Dægradvöl

**Benedikt Gröndal**

Ein þekktasta sjálfævisaga íslenskra bókmennta, einstakur gluggi að íslensku samfélagi 19. aldar, rómuð fyrir myndni, lifandi mannlýsingar og algjört hispursleysi höfundar sem stígur upp af síðunum, stundum fúll og stundum gáskafullur, stundum angurvær og stundum stórlátur. Gröndal var engum líkur.

444 bls.

**Forlagið**

KIL

**ENDUR  
ÚTGAFA**



## Hallgrímur Pétursson

**Karl Sigurbjörnsson**

Með skáldskap sínum og andagift ber Hallgrímur Pétursson höfuð og herðar yfir aðra í sögu þjóðarinnar. En hver var hann? Í þessari ríkulega myndskreyttu bók leitast Karl Sigurbjörnsson biskup við að svara þeirri spurningu í tilefni af því að 400 ár eru frá fæðingu séra Hallgríms.

32 bls.

**Ugla**

IB



## Handan minninga

*Hvers vegna heilabilun breytir öllu*

**Sally Magnusson**

**Þýð.: Ragnheiður Margrét**

**Guðmundsdóttir**

Bersögul, áleitinn fjölskyldusaga, skrifuð af ást og virðingu. Gamansemi er þó ekki langt undan þrátt fyrir erfiðar kringumstæður. Áhuga-verð úttekt á sjúkdómi sem herjar á milljónir manna um heim allan.

420 bls.

**Salka**

KIL



## Hans Jónatan

*Maðurinn sem stal sjálfum sér*

**Gísli Pálsson**

Árið 1802 höguðu örlögin því þannig að Hans Jónatan, ungur þeldökkur maður, þræll og stríðshetja frá Jómfrúreyjum, settist að á Djúpavogi, kvæntist og gerðist verslunarmaður og bóndi. Sagan á brýnt erindi við samtímann – enn er tekist á um samskipti við þá sem eru öðruvísi en við.

279 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

IB



## Hljóðin í nóttinni

**Björg Guðrún Gísladóttir**

Átakanleg minningasaga úr Höfðaborginni, hyljdjúp sorg og óbilandi lífskraftur. „[Björg] er svo vel skrifaði ... Gríðarlega sterk bók ... dáist að henni hvað hún gerir þetta vel ... snertir mann djúpt.“ Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunn

252 bls./360 mín.

**Veröld**

SVK

HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is  
Björg Guðrún Gísladóttir les



## Í krafti sannfæringar – saga lögmanns og dómara

Jón Steinar Gunnlaugsson

Jón Steinar segir frá uppvaxtarárum sínum, mótun lífsskoðunar, lífsgæfu sinni og lífinu. Dregur upp myndir af samferðarmönnum og segir frá áhugaverðum atburðum, en leggur þó mesta áherslu á feril sinn sem málflytjandi og dómari við Hæstarétt. 408 bls.

Almenna bókafélagið (BF-útgáfa)

IB



## Kaupmaðurinn á horninu


Óskar í Sunnubúðinni segir frá

Jakob F. Ásgeirsson

Kaupmaðurinn á horninu var í nán-um tengslum við viðskiptavinina sína, hann lánaði og spjallaði, en bjó við erfiðar aðstæður á tímum hafta og skömmtunar. Öllu þessu lýsir Óskar með lifandi hætti sem gerir þessa bók ekki aðeins fróðlega og skemmtilega heldur einstaka heimild um mannlíf fyrr á tíð. 400 bls.

Ugla

IB



## Klénsmiðurinn á Kjörvogi

Þorsteinn Þorleifsson

Hallgrímur Gíslason

*Klénsmiðurinn á Kjörvogi* er ævisaga Þorsteins Þorleifssonar (1821–1882) sem lengst af bjó í Kjörvogi í Árnes-hreppi. Hann lærði járnsmíði og stundaði þá iðn alla ævi, en samhliða starfaði hann við sjómennsku og búskap, auk þess að fást við lækningar og taka á móti börnum. 130 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



## Líf mitt

Luis Suárez

Luis Suárez er einn besti knattspyrnumaður samtímans en hann er gallagripur – og hann veit það best sjálfur. En hver er þessi hæfileikaríki maður? Dramatísk æska, árin hjá Liverpool, örlagaríkt heimsmeistararmót 2014, Barcelona – og æskuastín Sofí. Ómissandi bók fyrir alla knattspyrnuáhugamenn! 276 bls.

Veröld

IB



## Náttúrubarn

Sturla Friðriksson

Uppeldi sitt hlaut Sturla á ríkmannlegu menningarheimili og ber hann sterkan svip af erfðum og umhverfi, dæmigerður fræðimaður sem fát er óviðkomandi í ríki vísinda og mennta. Hér rekur Sturla minningar sínar, m.a. við Laxfoss og Laufásveg, segir af forfeðrum, samferðarmönnum og öðru því sem mótaði hann. 244 bls.

Háskólaútgáfan

IB



## Saga þeirra, sagan mín

Katrín Stella Briem

Helga Guðrún Johnson

Katrín Stella Briem segir sögu móður sinnar og ömmu, Stelli Briem og Katrínar Thorsteinsson, sjálfstæðra kvenna sem létu hjartað ráða för og storkuðu gildum samfélagsins. Margslungin og heillandi örlagasaga langmæðgna þar sem atburðarásin er oft og tíðum ávintýralegr en í skáldskap. 404 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



## Sigurður dýralæknir 2

Sigurður Sigurðarson

*Sigurður dýralæknir* er síðara bindið af ævisögu Sigurðarsonar dýralæknis. Hann fer enn á kostum og segir hér frá dýralæknánáminu í Noregi til þessa dags og dregur fram ógrynni sagna af skemmtilegu fólki og skemmtilegum viðburðum þótt vitaskuld hafi stundum gustað um hann og honum jafnvel verið hótað lífláti. 320 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



## Sigrún og Friðgeir

Ferðasaga

Sigrún Pálsdóttir

Haustið 1940 héldu tveir ungir íslenskir læknar, hjónin Friðgeir Ólason og Sigrún Briem, til Bandaríkjanna í sérnám. Hann lauk doktorsprófi frá Harvard og hún kandiðatsári á barnaspítöllum. Árið 1944 sigla þau heim með Goðafossi ásamt þremur ungum börnum sínum. Ljúfsár og afar áhrifamikil saga. 229 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL

 ENDUR  
ÚTGÁFA

# KARABÍSKUR ÞRÆLL VERÐUR VERSLUNARSTJÓRI Á DJÚPAVOGI

Hver var Hans Jónatan, maðurinn sem stal sjálfum sér?



GÍSLI PÁLSSON

„Einstök innsýn  
í ómanneskjulegar  
aðstæður, grípandi  
frásögn ...“

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR,  
PRÓFESSOR Í MANNFRÆÐI VIÐ HÍ.



MÁL OG MENNING





## Sigursveinn

*Baráttuglaður brautryðjandi*  
**Arni Björnsson**

Sigursveinn D. Kristinsson fæddist árið 1911 í Fljótum í Skagafirði. Hann var tápmikill, tónelskur og bók-hneigður krakki, en þrettán ára gamall lamaðist hann. Sigursveinn bjó yfir miklum viljastyrk og tókst að ryðja úr vegi flestum hindrunum sem á vegi hans urðu.

400 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB



## Skáldungur


*Sjö ár á fræðaslöð*  
**Gísli H. Kolbeins**

Hér bregður höfundur upp mynd af kynnum föður síns af þekktum rit-höfundum. Sem kennari leiðir hann skáldið til þroska og saman ferðast þeir um landið og kynnast þjóðlíf-inu, sérkennilegu fólki og fjölbreyttu tungutaki.

136 bls.

**Salka**

KIL



## Stúlkan frá Púertó Ríkó

**Esmeralda Santiago**  
 Þýð.: Herdís Magnea Hübner

Mögnuð og seiðandi þroskasaga höfundar sem elst upp í kofa hjá litríkri fjölskyldu. Skyndilega breyttist allt er hún flyst til New York og þarf að aðlagast nýrri menningu. Hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.

292 bls.

**Salka**

KIL



## Svarthvítir dagar

**Jóhanna Kristjónsdóttir**


Jóhanna fæddist 1940 og ólst upp í Þingholtunum og á Melunum. Djúpvitur og falleg frásögn um uppvöxt hennar fyrstu 15 árin, full af hlýju, hómor og innsæi. Jóhanna, fjölskylda hennar og fólkið í kringum þau lifna við á síðum þessara ógleymanlegu æviminninga.

380 bls. / Hjóðbókarútgáfa óstytt

**Sögur útgáfa**

IB HLB

Hljóðbók frá Skynjun  
 Guðrún Gísladóttir les



## Uggur

**Úlfar Þormóðsson**

Margreynður rithöfundur fær óvænta höfnun sem leiðir til þess að hann missir fótanna. Lesandinn slæst í för með Úlfari Þormóðssyni þar sem hann berst við þetta mótlæti, rifjar upp bæði ljúfar og sárar minningar, auk þess sem honum er fylgt eftir í hringiðu samtímans. Einlæg og ágeng bók.

157 bls.

**Veröld**

SVK



## Útistöður

**Margrét Tryggvadóttir**

Hvað gerist þegar kona er óvænt kjörin á þing á umbrotatímum? Upplausnarástand ríkir og reiðasta fólkið á Íslandi stofnar stjórnmalaflokk og krefst breytinga. Var þetta kannski hálfgerður sjálfsmorðsleiðangur? Margrét Tryggvadóttir sem var á þingi árin 2009–2013 skrifar um reynslu sína.

533 bls.

**Hansen og synir**

KIL RAF



## Villt

**Cheryl Strayed**

Þýð.: Elísa Jóhannsdóttir

Cheryl, 22ja ára, leggur af stað í 1.600 km gönguferð eftir Kambaslóðinni við Kyrrahafið þegar henni finnst að hún hafi misst allt. Hin erfiða ferð bæði styrkir hana og heilar. Bókin hefur hlotið fjölda viðurkenninga og væntanleg er bíómynd byggð á henni.

320 bls.

**Salka**

KIL



## Winston S. Churchill

*Ævisaga*

**Jón Þ. Þór**

Winston Churchill var einn stórbrotnasti og litríkasti stjórnmála-maður 20. aldar. Hann lifði langa ævi og kom með einum eða öðrum hætti að helstu atburðum veraldarsögunnar um sína daga.

256 bls.

**Sögufélag**

KIL



# Þrjár kynslóðir sjálfstæðra kvenna



*Saga Katrínar Stellu Briem,  
móður hennar og ömmu er  
áhrifamikil örlagasaga sem hefur  
legið í þagnargildi allt of lengi.  
Ævintýri líkust.*

✱

*Ógleymanlegt fólk*


✱

*Þú leggur hana ekki frá þér*

**JPV**  
JPV ÚTGÁFA



# Matur og drykkur



## 30 dagar

*Leið til betri lífsstíls*

Davíð Kristinnsson

Myndir: Auðunn Nielsson

Viltu bæta lífsstíl þinn, læra að þekkja líkamann, setja stefnuna á kjörþyngd og komast í gott form? 30 daga hreinsunin er áhrifarík leið til að breyta mataræðinu markvisst. Hér eru hátt á annað hundrað uppskriftir að hollum réttum, innkaupalistar og ítarleg líkamsræktaráætlun í máli og myndum. 208 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



## 5:2 Mataræðið með Lukku í Happ

Unnur Guðrún Pálsdóttir

Vinsældir 5:2 mataræðisins eru gríðarlegar. Sérlega aðgengileg bók eftir, Lukku í Happ, þar sem uppskriftir og fróðleikur fara saman.

128 bls.

Bókafélagið (BF-útgáfa)

IB



## 5:2-mataræðið

*Einföld leið til að léttast og öðlast heilbrigðara og lengra líf*

Michael Mosley og Mimi Spencer

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

Þetta er bókin sem hrínti 5:2-bylgjunni af stað, grundvallarrit eftir lækninn sem kynnti þetta byltingarkennda mataræði til sögunnar á BBC og blaðamann sem hefur fjallað mikið um heilsutengd málefni.

207 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK



## Af bestu lyst 4

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ritstj.: Laufey Steingrimsdóttir

Myndir: Gunnar Sverrisson

Bækurnar *Af bestu lyst* eru alþekktar en hér er fyrst og fremst horft á börn og barnafjölskyldur og áhersla lögð á spennandi mat sem er góður á bragðið og góður fyrir heilsuna, budduna og umhverfið. Leiðbeiningar fylgja um hvernig má laga uppskriftirnar að þörfum mjög ungra barna.

102 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



## Biblímatur

*Uppskriftir frá landi mjólkur og hunangs*

Svavar Alfreð Jónsson

Hér finnur þú girnilegar og hollar mataruppskriftir frá landi mjólkur og hunangs og bera sumar þeirra forvitnileg heiti eins og t.d. Spínat-súpa faraós, Baunasalat Hebreams, Kvöldskattur tollheimtumansins og Lambakjötsréttur Rebekku. Sannarlega „bragðmikil“ bók.

149 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



## Bjór

*Umhverfis jörðina á 120 tegundum*

Stefán Pálsson og

Höskuldur Sæmundsson

Myndskr.: Rán Flygenring

Farið er í heimsreiðu um lendur bjórsins í myndskreyttri fylgd. Stórbruggar jafnt sem örbrugghús heimsótt og sérstakur gaumur gefinn íslenskum bjórum. Bók sem fræðir um leið og hún gleður og kætir og vekur þorsta.

258 bls.

Crymogea

IB





### Delicious Iceland

*Tales of unique northern delicacies*  
**Völundur Snær Völundarson og Haukur Ágústsson**  
 Myndir: Hreinn Hreinsson  
 Smækkuð útgáfa af landkynningarbókinni *Delicious Iceland*. Glæsilegar myndir og uppskriftir ásamt spennandi ferðasögum og fróðleik. Gullfalleg gjöf fyrir Íslandsvini.  
 160 bls.

**Salka**

SVK



### Dísukökur

**Hafdís Priscilla Magnúsdóttir**  
 100 gómsætar uppskriftir fyrir þá sem vilja njóta sætinda og gotteris án samviskubits en fá samt bragðlaukana til að brosa! Allar uppskriftirnar eru sykur-, hveiti- og glútenlausar.

Hafdís heldur úti vinsælu matarbloggi á [www.disukokur.is](http://www.disukokur.is) og sendir nú frá sér sína fyrstu matreiðslubók.  
 216 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

IB



### Does anyone actually eat this?

**Nanna Rögnvaldardóttir**  
 Bók á ensku um gömul, sérstæð íslensk matvæli sem kveikja áhuga erlendra ferðamanna og annarra gesta. Hér er í máli og myndum svarað spurningum á borð við: Hvað er þetta? Hvernig varð þetta til? Hvenær er þetta borðað? Borðar einhver þetta í alvöru? Skemmtileg gjöf til erlendra vina.  
 72 bls.

**Forlagið – Iðunn**

IB



### FROZEN matreiðslubókin

*63 gírnilegar og hollar uppskriftir fyrir alla fjölskylduna*

**Siggi Hall**

Ný Disney-matreiðslubók í safnið!

Bókinni er skipt upp í sjö kafla, einn fyrir hvern dag vikunnar og því er auðvelt að setja saman matseðil fyrir vikuna – nú eða mánuðinn – með þínum uppáhaldsréttum.  
 152 bls.

**Edda útgáfa**

IB

## KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRAR MATREIÐSLUBÓKA

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGUNA 22.-23. NÓV. 2014

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



## Grænt, grænt og meira grænt

Katrine van Wyk

Þýð.: Nanna Gunnarsdóttir

65 ljúffengar og auðveldar uppskriftir að grænum þeytingum og söfum sem dekra við líkamann. Ráðleggingar og fróðleiksmolar um hollt mataræði.

299 bls.

Salka

SVK



## Heilsudrykkir Hildar

Meiri hollusta

Hildur Halldórsdóttir

50 uppskriftir af gómsætum og heilsusamlegum drykkjum. Láttu eftir þér að súpa af náttúrunnar gæðum, heilsunnar vegna! Hildur Halldórsdóttir deilir með okkur drykkjum sem hún hefur þróað og betrubætt í gegnum árin. Þetta er önnur heilsudrykkjabókin hennar Hildar en fyrri bókin naut mikilla vinsælda.

111 bls.

Óðinsauga Útgáfa

GOR



## Icelandic Food and Cookery

Nanna Rögnvaldardóttir

Bók á ensku sem veitir sýn á íslenska heimilismatargerð, hefðir og sögu í gegnum 150 uppskriftir að dæmigerðum hversdags- og hátíðamat, jafnt mömmu- og ömmumat sem nútímalegri útfærslum. Ítarlegur kafli um íslenska matarsögu frá landnámi til nútíma er í bókinni og saga herrar uppskriftar er rakin.

269 bls.

Forlagið – Iðunn

SVK



Eldhúsið okkar

## Íslensku hversdagskræsingarnar

Magnús Ingi Magnússon

Myndskr.: Halldór Baldursson

Magnús Ingi Magnússon, sjónvarpskokkur og veitingamaður, hefur hér tekið saman aðgengilegar uppskriftir að sígildum íslenskum heimilismat. Til á ensku undir heitinu *Our kitchen – Icelandic home cooking*.

68 bls.

Okkar menn – I. Magnússon ehf

Dreifing: Myndform

SVK



Eldhúsið okkar

## Íslenskur hátíðamatur

Magnús Ingi Magnússon

Myndskr.: Halldór Baldursson

Magnús Ingi Magnússon, sjónvarpskokkur og veitingamaður á Sjávarbarnum, hefur hér tekið saman aðgengilegar uppskriftir að sígildum íslenskum hátíðaréttum. Einfaldar leiðbeiningar sem henta vönum sem óvönum, ekki síst ungu fólki.

68 bls.

Okkar menn – I. Magnússon ehf

Dreifing: Myndform

SVK



## Kolvetnasnaudir hversdagsréttir

– án sykurs, gers og hveitis

Gunnar Már Sigfússon

Myndir: Ragna Sif Þórsdóttir

Lágkolvetnalífsstíllinn hefur sannarlega slegið í gegn! Í þriðju bók Gunnars Márs er sex vikna lágkolvetnamatseðill með áherslu á ódýran og góðan heimilismat; holla hversdagsrétti, lausa við sykurla, ger og hveiti. Einfaldar uppskriftir við allra hæfi.

128 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



## Leyndarmál Tapasbarsins

Bjarki Freyr Gunnlaugsson og

Carlos Horacio Gimenez

Myndir: Júlíus Sigurjónsson

Hér eru margir af vinsælustu réttum Tapasbarsins – yfir 200 girnilegar uppskriftir að smáréttum, aðalréttum, súpum og sósum, eftirréttum og drykkjum. Nú getur þú laðað fram sannkallaða tapasstemningu með blöndu af því besta úr spænskri og íslenski matargerð.

216 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



MMM ...

Matreiðslubók Mörtu Maríu

Marta María Jónasdóttir

Myndir: Guðný Hilmarsdóttir

Á annað hundrað heilsusamlegar sækerauppskriftir (og örfáar ekki alveg eins hollar en ekki síður æðislegar). Morgunverðaréttir og drykkir, nesti, kvöldmatar handa fjölskyldunni og veitingar í vinaboðin, ráð um hollustu, næringu og heilbriggt líf og náttúruleg feegrunar- og slökunarúræði.

232 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



### Nenni ekki að elda

**Guðrún Veiga Guðmundsdóttir**  
Guðrún Veiga, gjarnan kölluð „lati kokkurinn“, hefur vakið athygli fyrir sjónvarpsþætti og blogg um fjótlegar og frumlegar uppskriftir fyrir þá sem nenna ekki að standa í stórræðum í eldhúsinu. Bráðsmellin og öðruvísi matreiðslubók.

140 bls.

**Salka**

IB



### Pinnamatur

**Sabine Paris**  
Þýð.: Snjólaug Lúðvíksdóttir  
Falleg askja með lítilli uppskriftabók – Nú getur þú búið til gómsætan pinnamat. Fjögur mismunandi mót fylgja til að skera út fallega forrétti og smárétti.

64 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

IB



### Stóra alifuglabókin

**Úlfar Finnbjörnsson**  
Myndir: Karl Petersson  
Myndskr.: Jón Baldur Hlíðberg  
Glæsileg bók í sama anda og *Stóra villibráðarbókin* sem kom út 2011 við miklar vinsældir. Listakokkurinn Úlfar töfrar hér fram ljúffenga rétti og fjallar um hvaðeina sem snýr að matreiðslu alifugla, skref fyrir skref.

256 bls.

**Salka**

IB



### Sveitasæla

*Góður matur – gott líf*  
**Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson**  
Sannkölluð fróðleiksnáma um matargerð og gæði íslenskrar náttúru. Inga Elsa og Gísli Egill hafa komið sér fyrir í sveitasælu og töfra fram klassíska rétti í óvæntum búningi sem og ýmsar spennandi nýjungar. Þau sækja sér innblástur úr ýmsum áttum en leggja þó megináherslu á norræna matargerð.

251 bls.

**Veröld**

IB



### Sódd og sátt

– *án kolvetna*  
**Jane Faerber**  
Myndir: Columbus Leth  
Þýð.: Hjalti Nönnuson

Lágkolvetnamataræði er lífsstílsbreyting þar sem áhersla er lögð á að nota mat úr hreinu og náttúrulegu hráefni til að ná stjórn á blóðsykri, matarlyst og líkamsþyngd. Fjöldi girnilegra uppskrifta að morgunmat, hádegisverði, kvöldverði, kökum og brauði.

216 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

SVK



### Tebókin

**Árni Zophoníasson og Ingibjörg J. Friðbertsdóttir**  
Myndir: Kristinn Magnússon  
Lauflöð teplöntunnar fara langa og flókna leið áður en þau ilma úr bolla á Íslandi. Hér rekja tveir eigenda Tefélagsins ferli teræktunarinnar, gera grein fyrir sögu tesins, fjalla um fjölbreyttar tegundir og framandi bragð og listina að laga ljúffengt te. Ómissandi bók fyrir unnenndur tes.

56 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB



### Læknirinn í eldhúsinu Veislan endalaus

**Ragnar Freyr Ingvarsson**  
Bók Læknisins í eldhúsinu; *Tími til að njóta* sló rækilega í gegn á síðasta ári, en veislan var rétt að byrja. Hér töfrar Ragnar Freyr fram enn magnaðri uppskriftir að ótrúlega gómsættum réttum, og fjallar um matseldina á sinn einstaka hátt. Veislubók um jafnt veislumat sem hvunnudagsmat.

488 bls.

**Sögur útgáfa**

IB

heimkaup.is

Allar bækurnar  
í Bókatíðindum

HEIMHAUP  
...Í EINUM SMELLI

# Fræði og bækur almenns efnis



## 100 heilsuráð til langlífis

Jóhanna S. Hannesdóttir

Myndir: Ólöf Haraldsdóttir

Flest okkar vilja lifa vel og lengi. En hvað þarf til að ná háum aldri? Og hvað eiga langlífir einstaklingar sameiginlegt?

Í þessari bók má finna 100 heilsuráð sem bæta lífsgæðin og stuðla að langlífi.

104 bls.

Óðinsauga Útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

## 15 hörmuleg stórslys

Helgi Hrafn Guðmundsson

Lestu um það sem gerist þegar allt fer úrskeiðis. Um mannskæðustu flugslysins, mestu sjóslysins, hræðilegustu slysins á fótboltavöllum. Lestu svakalegar sögur þar sem reynir á bæði menn og örlög.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

## 15 landkönnuðir

sem breyttu heiminum

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Lestu um fólk sem fór út í óvissuna með hugrekkið að vopni. Þau stækkuðu heim okkar hinna, lögðu undir sig ný lönd og að lokum geiminn líka. Lestu um hetjudáðir þeirra og hvað þau skildu eftir sig.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

## 30 hættulegustu dýrin

Helgi Hrafn Guðmundsson

Lestu um hákarla, háþróðustu drápsvelar náttúrunnar. Krókódíla sem geta kubbað fólk í sundur. Um illvigar kóngulær. Baneitraða froska. Þorirðu aftur í dýragarðinn eftir að hafa lesið þessa bók?

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

## 30 illmennir

blóði drifin saga

Illugi Jökulsson

Lestu um harðstjóra og herföngja sem drápu milljónir manna til að ná fram vilja sínum. Klikkaða valdhafa sem hikuðu ekki við að fremja hrylileg myrkraverk. En líka um illvirkja og ómenni sem færri vita af og gera þig agndofa. Ekki fyrir viðkvæma.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

## 30 uppgötvanir

sem breyttu sögunni

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Lestu um uppgötvanir og flott tæki sem breyttu lífi mannanna, fyrr og síðar. Það var ekkert sjálfgefið að finna upp hjólið. Eða próa netið og snjallsíma. Hverjir voru uppfindingamennirnir sem umbyltu lífi okkar?

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



### 60+ Hreyfing

*Æfingar og teygjur fyrir 60 ára og eldri*  
Fannar Karvel

Aðgengileg og þægileg bók fyrir fólk sem vill halda sér í góðu líkamlegu formi.

Í þessari handbók um hreyfingu hefur íþróttfræðingurinn Fannar Karvel sett upp aðgengilegt og skemmtilegt æfingakerfi fyrir fólk á besta aldri, eða þá sem eru 60 plús.

64 bls.

**Edda útgáfa**

KIL



### Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030

Leiðarvísir fyrir þróun höfuðborgarinnar á komandi árum og bindandi stefna um skipulag Reykjavíkur.

Markmiðið er að skapa borg þar sem gott er að búa og starfa. Skipulagsupprættir fylgja.

312 bls.

**Crymogea**

IB



### Afríka – Ást við aðra sýn

Stefán Jón Hafstein

Hér er sagt frá framandi stöðum og fólki í sunnanverðri Afríku þar sem höfundur starfaði við þróunarsamvinnu og ferðaðist víða um. Bókin er ríkulega prýdd glæsilegum myndum og skotið inn dagbókarbrotum höfundar milli kafla þar sem sagt er frá dásamlegri náttúru og lífsbaráttu fólksins lýst.

180 bls.

**Ísland ehf**

Dreifing: Sögur útgáfa

IB



### Aldingarðurinn

*Ávaxtatré og berjarunnar á Íslandi*  
Jón Guðmundsson

Jón er brautryðjandi í ræktun ávaxtatréja og berjarunnna og hefur náð góðum árangri í ræktun tegunda og yrkja fyrir íslenskar aðstæður. Í bókinni fjallar hann um 50 epla-, peru-, kirsuberja- og plómuyrki og 71 yrki berjarunnna. Ríkulega myndskreytt og skýringateikningar eru eftir Jón Baldur Hlíðberg. Sjötta bókin í bóka-flokknum *Við ræktum*.

**Sumarhúsið og garðurinn ehf**

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA FRÆÐIBÓKA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 22.-23. NÓV. 2014

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



### Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags 2013

Árbók Íslands 2013

Jón Arni Friðjónsson

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og

Gunnlaugur Björnsson

Sjá: Almanak HÍ 2015.

170 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Almanak HÍ 2015

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatals geymir almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll, gang himintungla, stjörnukort, áttavítastefnur, tímabelti heimsins, yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar og merkisdaga næstu ára. Lýst er athyglisverðum sólmyrkva á næsta ári og fjallað um upphaf landnáms.

96 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Andvari 2014

Nýr flokkur LVI. 139.ár

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Aðalgrein í ár er æviágrip Lúðvíks Jóseppsonar, leiðtoga í Sósíalístaflökki og síðar Alþýðubandalagi, sem sat á Alþingi í 37 ár og stóð að útfærslu landhelginnar í tvisgang sem sjávarútvegsráðherra. M.a. er fjallað um þýðingar á skáldskap eftir Poe, ævisögu Nonna, leikrit Stephans G. og Snorra-Eddu.

195 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Auf den Spuren der Unsichtbaren

Unnur Jökulsdóttir

Þýð.: Benedikt Grabinski

Trú á huldufólk hefur lengi verið sterk á Íslandi þótt hún hafi dofnað með aukinni borgarmeningu. Fyrir nokkrum árum ferðaðist Unnur Jökulsdóttir um landið og ræddi við alls konar fólk. Úr varð bók með mergjuðum sögum sem hér er komin í þýskri útgáfu.

232 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



### Lærdómsrit Bókmenntafélagsins Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna

Kari Killén

Fátt skiptir meira máli en aðbúnaður barna. Í þessari bók er gerð skipuleg grein fyrir því sem vandkvæðum er bundið í samskiptum barna við uppalendur sína. Brautryðjendaverk á sviði uppeldismála og barnaverndar. Tryggvi Gíslason þýddi og Sigrún Júlíusdóttir ritaði inngang.

414 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Ástvinarmissir

Sue Mayfield

Þýð.: Jóna Lís Þorsteinsdóttir

Engar tvær manneskjur upplifa sorgina á sama máta. Bókin bregður upp myndum af lífi fólks sem upplifað hafa sorg. Bókin getur líka hjálpað þeim sem standa á lengdar og finnst þau svo lítið geta gert, til að hugga og styðja. En því meiri skilning sem við öðlumst á sorgarferlinu því hæfari verðum við til að fylgja hvert öðru gegnum það.

154 bls.

Skálholtsútgáfan

IB

# Smáralind

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind


Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar




Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



*Hvaðan komum við?  
Hver erum við?  
Hvert höldum við?*



Abd-ru-shin lýsti heildarritverki sínu á einfaldan hátt með þessum orðum:

«Markmið mitt er andlegs eðlis!

*En ég er ekki boðberi nýrrar trúar,  
ætla ekki að stofna nýja kirkju og  
heldur ekki einhvern sértrúarsöfnuð,  
heldur miðla ég ósköp einfaldlega  
skýrri mynd af sjálfstæðu sköpunar-  
starfi sem felur í sér vilja Guðs og  
birtir mannum á skýran hátt  
hvaða leiðir eru honum fyrir bestu.»*

Þriggja binda útgáfa:

I. bindi á íslensku

II. bindi á ensku

III. bindi á ensku

I. – III. bindi á ensku

Fæst í bókaverslunum



Verlag der Stiftung Gralsbotschaft  
Stuttgart, Þýskaland

[www.gralsbotschaft.org](http://www.gralsbotschaft.org)

Netfang:  
[vasey-leuze@gral-norden.net](mailto:vasey-leuze@gral-norden.net)





### Belgjurtabókin

Handhægur leiðarvísir fyrir ræktendur  
Sigurður Arnarsson

Einstök bók sem fjallar um belgjurtir sem reynsla er af á Íslandi en einnig áhugaverðar tegundir sem líklegar eru til að geta þrífist hér á landi. Alaskalúpína er áberandi tegund ættkvíslarinnar en hún á sér gullfallegar systur sem gefa henni ekkert eftir í landbótum og bætandi áhrifum á vistkerfi. Sjöunda bókin í bókaflokknum *Við ræktum*. 200 bls.

**Sumarhúsið og garðurinn ehf**

IB



### Borgir og borgarskipulag

Þróun borga á Vesturlöndum –  
*Kaupmannahöfn og Reykjavík*

Bjarni Reynarsson

Í þessari bók er fjallað um sögulega þróun og skipulag borga og það sett í samhengi við skipulagssögu Reykjavíkur.

Hér er á ferðinni fyrsta yfirlitsrit á íslensku um þróun borga frá örófi alda til okkar tíma. Um 500 myndir, kort og skýringarmyndir prýða bókina. 304 bls.

**Skrudda**

IB



### Bók þessi heitir Edda

Uppsálagarð Snorra-Eddu  
*Studia Islandica 64*

Heimir Pálsson

Rannsóknir höfundar á eðli og ein-kennum handritsins. Flestir fræðimenn hafa metið það sem duttlungafulla styttingu á öðrum útgáfum þess. Rannsóknir Heimis benda til þess að textinn eigi sér líklega annars konar rætur. Er sjálft handritið e.t.v. minnisvarði um höfundinn, Snorra Sturluson?

**Háskólaútgáfan**

KIL



### Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins

Alfræðiverk Jóns Bjarnasonar

Árni H. Kristjánsson og

Sigurður Gylfi Magnússon

Í bókinni eru tveir ítarlegir kaflar höfunda sem fjalla um þetta einstaka sjö binda alfræðiverk Jóns bónda Bjarnasonar frá miðri 19. öld. Hugað er að samspili texta og teikninga í verkinu, en rúmlega 500 teikningar eru í handriti Jóns. Þá er birt efni frá Jóni sjálfum, frumtextar hans.

**Háskólaútgáfan**

KIL



### Breve histoire de l'Islande

Gunnar Karlsson

Þýð.: Catherine Mercy

Heildstætt og handhægt yfirlit Íslandssögunnar í hnitmiðuðum texta og fjölda mynda, kjörið til glöggvunar og upprifjunar. Þetta er ný frönsk útgáfa en bókinn fæst líka á íslensku, ensku, þýsku og sænsku. 79 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Chineasy

Það er leikur að læra kínversku  
Shaolan

Þýð.: Hildigunnur Þráinsdóttir

Chineasy er ný sjónræn aðferð sem búin var til í því skyni að gera kínverskunám létt og skemmtilegt. Myndirnar í bókinni eru ægifagrar, en höfundur er grafískur hönnuður. Augnauði sem veitir dýrmæta inn-sýn í kínverska tungu og menningu. 192 bls.

**Bjartur**

SVK

heimkaup.is



Allar  
bækurnar í  
Bókatíðindum



...Í EINUM SMELLI



# ÚR SVEIT Í BORG



Einstaklega fróðlegt og skemmtilegt rit eftir Eggert Þór Bernharðsson, höfund *Undir bárujárnsboga*.

Greinargóður texti og 550 ljósmyndir lýsa búskap í Reykjavík á 20. öld og myndun borgarinnar.



JPV  
JPV ÚTGÁFA





### Dagbók 2015

Árið með heimspekingum

Sigríður Þorgeirsdóttir

Hér birtist á ný dagbók með stuttri umfjöllun um marga helstu kvenheimspekinga fyrri tíma og samtímans, endurprentaðir nú með dagatali/dagbók fyrir árið 2015. Fallega hönnuð bók sem geymir vísu – sem oft er á skjön við ráðandi vísu karlheimspekinga – og er veganesti fyrir hverja viku ársins.

110 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Draumaráðningar

Frá a-ö


Símón Jón Jóhannsson

Nýtt og aðgengilegt uppflettirit um efni sem allir hafa áhuga á og leiða hugann að. Bókin er í senn fræðandi og skemmtileg og höfðar jafnt til yngri sem eldri lesenda er áhuga hafa á draumspæki. Hér eru ráðningar á hátt í fjögur þúsund draumtáknum sem raðað er í stafrófsröð. Ómissandi bók!

379 bls.

Veröld

IB



Íslensk fornrit

### Eddukvæði I og II

Ritstj.: Þóroddur Ingi Guðjónsson

Umsj.: Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason


Ný og vönduð útgáfa eddukvæða í tveimur bindum með rækilegum skýringum og yfirgrípsmiklum formála. Kvæðin eru 36 að tölu. Í þeim birtast skáldlegar sýnir, stórbrotin tilfinninga-átök, djúp speki og hárbeytt skop.

935 bls.

Híð íslenska fornritafélag

Dreifing: Híð isl. bókamenntafélag

IB



### Elska þig, mamma

Helen Exley

Dálitill þakkætisvottur handa mömmu, fyrir alla umhyggju hennar og ást og hamingjuríka bernskudaga.

240 bls.

Steinegg ehf

IB



### Ég er

- ertu sá sem þú heldur að þú sért?

Linda Baldvinsdóttir og


Theodor Francis Birgisson

Bókinni er ætlað að vekja einstaklinginn til umhugsunar um það hversu dýrmætur, skapandi og frábær hann sé, nákvæmlega eins og hann er. Það er einstök og friðsæl tilfinning að upplifa það frelsi sem fæst með því að slíta sig frá takmörkum hugans, svifa upp á vit nýrra uppgötvana um sjálfan sig.

105 bls.

Óðinsauga Útgáfa

KIL



### Fjögur skáld

Upphaf nútímaljóðlistar á íslensku

Þorsteinn Þorsteinsson

Íslensk nútímaljóðlist rekur upphaf sitt til fyrri hluta síðustu aldar en þá komu fram skáld sem ruddu nýjungum braut. Hér er fjallað af þekkingu og næmi um þá Jóhann Sigurjónsson, Jóhann Jónsson, Halldór Kiljan Laxness og Stein Steinar; í brennidepli eru þau ljóð þeirra sem mestum tíðindum sættu.

240 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



### Fléttur III

Jafnrétti, menning, samfélag

Ritstj.: Irma Erlingsdóttir o.fl.

Fjallað um áhrif misréttis á aðstæður kynjanna í samfélagi, s.s. átök femínista af ólíkum skólum á Íslandi, misnotkun valds og andóf í kristinni trúarhefð, stöðu kvenna í bókmenntum og kvikmyndum, skörun fötlunar og kyngervis. Ofríki karllægrar hugmyndafræði skoðað í fjármálakreppu 2008 o.m.fl.

218 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Flugvélar í máli og myndum

Ritstj.: Sam Atkinson og Jemima Dunne

Þýð.: Friðrik Friðriksson

Hér erum við leidd á myndrænan hátt í gegnum magnaða sögu mannaðra flugferða. Fjallað er um rúmlega 800 flugvélar, merkilegustu hreyflana, þekktustu flugvélasmiðina og tæknina á bak við fullkomnustu vélarnar. Þetta er einstakt safnrit um sögu flugsins og fullkomin gjöf handa flugáhugamanninum.

320 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB

# Ævisaga Sigursveins



Sigursveinn D. Kristinsson (1911–1990) var tápmikill, tónelskur og bókhneigður krakki, en þrettán ára gamall lamaðist hann og var bundinn við hjólastól alla tíð síðan. Hann bjó yfir miklum viljastyrk og tókst að ryðja úr vegi flestum hindrunum sem á vegi hans urðu. Sigursveinn vildi auka hlut alþýðufólks í menningariðkun og barðist ötullega fyrir jafnréttismálum fatlaðra. Hann ruddi nýjar brautir í tónmenntamálum og kom jafnframt rækilega að stofnun Sjálfsbjargar. Höfundur er Árni Björnsson.



# Gunnlaugur Halldórsson

Gunnlaugur Halldórsson arkitekt (1909–1986) hefur réttilega verið nefndur fyrsti módernisti íslenskra sjónlista. Starfsferill hans spannar öll skeið stefnunnar. Saga hans er rakin í bókinni og hana prýðir fjöldi ljósmynda og teikninga af verkum arkitektsins auk verkaskrár og útdráttar á ensku. Höfundur og ritstjóri er Pétur H. Ármannsson.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)





### Fyrst ég gat hætt getur þú það líka

Valgeir Skagfjörð leikari

Höfundur deilir með lesendum reynslu sinni af því að hætta reykingum fyrir fullt og allt.

Áhrifarík bók fyrir þá sem eru orðnir langþreyttir á skyndilausnum. 144 bls.

Salka

KIL

ENDUR  
ÚTGÁFA



### Fæðubyltingin


Ódlist betri heilsu með alvöru mat  
Andreas Eenfeldt

Þýð.: Valdimar Jörgensen

Vísindalega rökstudd bók þar sem sænskur læknir rekur helstu kenningar um heilsusamlega fæðu. Fróðleikur um „góð“ kolvetni, fituríkt fæði og hugmyndir að uppskriftum skv. LKL mataræði. 264 bls.

Salka

KIL



### Gamansögur úr Árnesþingi

Samant.: Jóhannes Sigmundsson

Gamansögur úr Árnesþingi segja frá óborganlegum uppsveitamönnum, spekingslegum Laugvetningum, tannhvössum vinnukonum og mis-hittnum stjórnmalaskörungum. 132 bls.

Bókasmiðjan Selfossi

KIL



### Gjafabækur

Íslensk úrvalsljóð

Íslenskar úrvalsstökur

Íslenskir málhættir og snjallyrði

Umsj.: Guðmundur Andri Thorsson og Nanna Rögnvaldardóttir

Hér er íslenskur menningararfur gerður aðgengilegur í þremur fallegum smábókum þar sem klassísk ljóð, vísur, málhættir og snjallyrði eru flokkuð eftir efni og inntaki. 294/128/222 bls.

Forlagið

IB



### Grasahnoss

Mímingarrít um hjónin Rögna

Ólafsdóttur og Ögmund Helgason

Greinar eftir 17 vini og samstarfsmenn þeirra hjóna um margvíslegt efni, einkum sagnfræði, þjóðfræði og minningar. Fjöldmargar ljósmyndir prýða bókina. 240 bls.

Sögufélag Skagfirðinga

SVK



### Gripla XXIV

Ritstj.: Jóhanna Katrín Friðriksdóttir og Viðar Pálsson

Stútfullt hefti af áhugaverðu og vönduðu efni, m.a. níu fræðigreinar eftir Russell Poole, Stephen Pelle, Kirsten Wolf, Þorgeir Sigurðsson, Guðvarð Mát Gunnlaugsson, Hauk Þorgeirsson, Margréti Eggertsdóttur og Veturlíða G. Óskarsson, Arngrím Vídalín, Katelin Parsons og Silviu Hufnagel. 300 bls.

Háskólaútgáfan

KIL

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**  
 Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGÍNA 22.-23. NÓV. 2014  
 Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

FLUGVÉLAR Í MÁLI OG MYNDUM

# Sannkölluð skemmtireisa gegnum flugsöguna

- Fullkornustu vélarnar
- Merkilegustu hreyflarnir
- Þekktustu flugvéla-smiðirnir



Yfir  
**800**  
flugvélar

**320** bls.  
í stóru  
broti

**JPV**  
JPV ÚTGÁFA





### Grímur Thomsen

*Þjóðerni, skáldskapur,  
þversagnir og vald*

Kristján Jóhann Jónsson

Grímur sameinaði tryggð við íslenska menningu og skilning á erlendum bókmenntum og þjóðlífi. Þessi tveggja heima sýn gaf skáldskap hans dýpt og tilfinningu. Hér er fjallað um kvæði hans og fræði sem eru dýr-gripir í menningararfi okkar, menningarleg og pólitísk viðhorf og eins tröllasögur af honum.

Háskólaútgáfan

KIL



### Grín og snilld Tyrions Lannisters

George R.R. Martin

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir


Myndskr.: Jonty Clark

Ein eftirminnlegasta persónan í *Game of Thrones*-bókunum er dvergurinn Tyrion Lannister. Í þessari skemmtilega myndskreyttu bók er að finna allt það myndnasta, dónalegasta og snjallasta sem hrotið hefur af vörum dvergsins slóttuga með gullhjartað.

160 bls.

Ugla

IB



### Guide du Voyageur à la découverte des Contes Populaires Islandais

Jón R. Hjálmarsson

Þýð.: Michel Flament

Hér eru heimsóttir staðir í alfaraleið og nokkrir á fáfarnari slóðum og rifjadar upp ýmsar þjóðsögur og sagnir frá þessum stöðum. Bókin kemur nú út á frönsku til viðbótar við ensku, þýsku og íslensku.

247 bls.

Forlagið

SVK



### Gunnlaugur Halldórsson

arkitekt

Ritstj.: Pétur H. Ármannsson

Gunnlaugur Halldórsson arkitekt (1909–1986) hefur réttilega verið nefndur fyrsti módernisti íslenskra sjónlista. Starfsferill hans spannar öll skeið stefunnar. Saga hans er rakin í bókinni og hana prýðir fjöldi ljósmynda og teikninga af verkum arkitektsins auk verkaskrár og útdráttar á ensku.

192 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Hallgerður

*Örlogasaga hetju í skugga fordæmingar*  
Guðni Ágústsson

Stórfróðleg og skemmtileg bók þar sem Guðni Ágústsson kemur Hallgerði langbrók til varnar. Þetta er óður Guðna til konunnar sem Íslendingar kusu að fyrirlíta um aldri en um leið er aðdáun Guðna á fornsögunum yfir og allt um kring. Hér sýnir sagnamaðurinn Guðni á sér nýjar og óvæntar hliðar!

113 bls. / Hljóðbókarútgáfa óstýtt

Veröld

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Slynjun  
Guðni Ágústsson les



### Hamingjan eflir heilsuna

Borghildur Sverrisdóttir

Viðfangsefni jákvæðrar sálfræði, t.d. núvitund (mindfulness) njóta vaxandi fylgis þeirra sem huga heilrænt að heilsu sinni og vellíðan. Áhugaverð bók eftir Borghildi Sverrisdóttur.

144 bls.

Bókafélagið (BF-útgáfa)

SVK



### Hamskiptin

*Þegar allt varð falt á Íslandi*

Ingi Freyr Vilhjálmsson

Ómissandi bók fyrir alla þá sem vilja að heiðarlegt uppgjör fari fram um ábyrgðina á hruninu á Íslandi og aðdraganda þess. „Stórmerkileg greining á íslensku samfélagi í aðdraganda hruns. Ég varð á köflum reiður og sorgmæddur við lesturinn.“ Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður.

288 bls.

Veröld

SVK



# Saga borgarsamfélagsins



Glæsilegt yfirlitsrit um þróun borga á Vesturlöndum í 5000 ár.

Ítarleg umfjöllun um höfuðborgir Íslands, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Fyrsta yfirlitsritið á íslensku um þróun borga og borgarskipulags almennt.

Aðgengileg öllum þeim sem áhuga hafa á skipulagi borga og menningarsögu.

Um 500 myndir, kort og skýringarmyndir þrýða bókina.

Hér bætir Bjarni Reynarsson úr brýnni þörf með yfirlitsriti þar sem raktar eru í ljósu máli hugmyndir um borgarskipulag frá upphafi vega. Sérstaklega er fjallað um þær tvær borgir sem kalla hefur mátt höfuðborgir Íslands, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Nauðsynlegt rit fyrir alla sem áhuga hafa á sögu borga og skipulagi.

*Gudjón Fridrikson sagnfræðingur*


Efnismikil og ríkulega myndskreytt bók Bjarna veitir gagnlega yfirsýn yfir upphaf og þróun þéttbýlis allt til okkar tíma. Mótunarsaga Reykjavíkur er sett í samhengi við alþjóðlega hugmyndasögu borgarskipulags og þróun Kaupmannahafnar, þeirrar borgar sem var lengstum tengiliður Íslands við þá sögu.

*Pétur H. Ármannsson arkitekt*



**SKRUDDA**

Ejarslóð 9 – 101 Reykjavík  
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



### Handbók í aðferðafræði rannsókna

Ritstj.: Dr. Sigríður Halldórsdóttir  
Handbók í aðferðafræði rannsókna er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu á rannsóknum, auðvelda kennslu og stuðla að enn vandaðri rannsóknarvinnu í framtíðinni. Höfundar bókarinnar eru 34, allt þekktir fræðimenn og fræðikonur hver á sínu sviði.  
576 bls.

Ásprent Stíll ehf

SVK



### Handbók í lyflækisfræði

4. útgáfa endurskoðuð  
Ritstj.: Ari J. Jóhannesson og Runólfur Pálsson  
Hér eru dregnar saman aðgengilegar og hagnýtar leiðbeiningar um skynsamlega nálgun og meðferð vandamála í lyflækningum þar sem mið er tekið af aðstæðum á Íslandi með áherslu á algeng og/eða bráð vandamál og reynt eftir megni að samræma knappan texta en jafnframt tæmandi efnistök.  
390 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Háskólapælingar

Um stefnu og stöðu háskóla í samtímanum  
Páll Skúlason  
Í bókinni eru valdar greinar, erindi og ræður um stöðu íslenskra og erlendra háskóla sem eiga erindi til allra sem láta sig varða þróun æðri menntunar. Færð eru rök fyrir nauðsyn þess að endurskoða stefnu og starfsemi háskóla eigi þeir að gegna hlutverkum sínum sem skyldi.  
260 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Heilbrigði trjágróðurs

Skadvaldar og varnir gegn þeim  
Guðmundur Halldórsson og Halldór Sverrisson

Aðgengileg handbók ræktandans sem bætir úr brýnni þörf því ýmsir vággestir hafa borist til landsins á síðustu árum. Fjallað er í máli og myndum um 70 tegundir sjúkdóma og meindýra sem herja á trjágróður og hvernig best er að bregðast við.  
160 bls.

Forlagið – Iðunn

SVK




### Heimur batnandi fer

Matt Ridley  
Þýð.: Elín Guðmundsdóttir  
Við erum ríkari, heilbrigðari, hamingjusamari, hreinni, fríðsamari, jafnari og langlífari en nokkur fyrir kynslóð! Hér hrekur vísindarithöfundurinn Matt Ridley skilmerkilega upphrópanir dómsdagsprédikara.  
360 bls.

Almenna bókafélagið (BF-útgáfa)

SVK



### Hin mörgu andlit lýðræðis

Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstigunni  
Gunnar Helgi Kristinsson  
Hér er að finna fyrstu tilraun til að skoða lýðræðiskerfi ísl. sveitarfélaga á heildstæðan hátt og í kenningarlegu samhengi. Byggt er á greiningu umfangsmikilla gagna um lýðræði þeirra og því haldið fram að fagleg vinnubrögð og aðhald með stjórn þeirra skapi stjórnendum trúverðuleika.  
Háskólaútgáfan

KIL

heimkaup.is



Allar bækurnar  
í Bókatiðindum



Frí heimsending ef pantað er fyrir meira en 4.000 krónur. Afhendum sama kvöld á höfuðborgarsvæðinu og daginn eftir víðast hvar annarsstaðar!



# ÍSLENDINGASÖGURNAR

Ný heildarútgáfa á dönsku, sænsku og norsku

Sögulegar  
jólagjafir!



Fyrsta samræmda heildarútgáfa Íslendingasagna og þátta á dönsku, norsku og sænsku – einstætt samnorraent menningararfrek. Norðurlandaúrval fremstu þýðenda og fræðimanna í fjórum löndum lagði krafta sína og hæfileika í verkið auk virtra rithöfunda og skálda sem lásu þýðingarnar yfir með tilliti til stíls og listrænnar framsetningar – ríflega eittundrað einstaklingar hafa tekið höndum saman í stórbrotnum bókmenntaviðburði.

Þjóðhöfðingjar Norðurlanda, Margrét Þórhildur Danadrottning, Haraldur Noregskonungur og Karl Gústaf Svíakonungur, fylgja verkunum úr hlaði með heiðursformála og leggja öll áherslu á mikilvægi Íslendingasagnanna fyrir sögu og sjálfsmynd Norðurlandabúa.

Margar sagnanna eru nú þýddar í fyrsta sinn á Norðurlandamálin. Ítarlegir formálar og margvíslegt skýringarefni, greiðir götur lesenda um heillandi veröld sagnanna.

Sérstakt útgáfutilboð er aðgengilegt á heimasíðu Saga forlags, [www.sagaforlag.is](http://www.sagaforlag.is) - sendingargjald til Norðurlanda er innifalið. Sendingartími er 3-4 dagar. Hægt er að hafa samband á netfangið [vinland@centrum.is](mailto:vinland@centrum.is) eða í síma 893 7719 og 552 8989.

Söguleg jólagjöf - einstæð gjöf til vina og vandamanna, stofnana og fyrirtækja á Norðurlöndunum.

„Sagaernes storhed er for mig en af de højeste verdener, jeg har kendt.“

*Karen Blixen*

„De islandske sagaene er ryggraden i all nordisk litteratur.“

*Roy Jacobsen*

„Ingen stil kan förefalla enklare, trovärdigare, kyskare – en stil klar som källvatten, en stil utan förrädiskt känslorums, en stil som tycks visa fram verkligheten i dess mest essentiella form.“

*Lars Lönnroth*

„Nyoversættelse af de islandske sagaer er 5,6 kilo litterært guld“ segir Thomas Bredsdorff í nýjum og afar lofsamlegum ritdómi í Politiken og gefur útgáfu sagnanna sex hjörtu af sex mögulegum.



**SAGA**

F O R L A G

Flókatgata 65 – 105 Reykjavík • Sími: 552 8989 - 893 7719

[www.sagaforlag.is](http://www.sagaforlag.is) • [vinland@centrum.is](mailto:vinland@centrum.is)



### Hinumegin við fallett að eilífu

Katherine Boo

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Pulitzerverðlaunahafinn Katherine Boo bregður upp ljós lifandi mynd af mannlegum örlögum í utangarðs-samfélagi í fjölmennasta lýðræðisríki heims, nýju kofahverfi við flugvöllinn í Mumbai á Indlandi, þar sem aðal-lifibrauðið er að gera sér mat úr rusli á sorphaugum. Bók sem lætur engan ósnortinn.

288 bls.

Ugla

KIL



Spennandi fróðleikur

### Hitler

30 örlagastundir

Illugi Jökulsson

Hann er frægasti maður sögunnar, en hvað veistu um hann í raun? Hvað dreif hann áfram? Hvernig varð hann að slíku ómenni? Af hverju fylgdu Þjóðverjar honum? Illugi Jökulsson segir sögu Hitlers á hispurslausan hátt. Bókinni er ætlað að fræða unga fólkið en allir munu geta haft gagn af henni.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



### Hreindýraskyttur

Liflegar og fræðandi frásagnir af hreindýraveiðum

Guðni Einarsson

Hér segja Axel Kristjánss., Gunnar A. Guttormss., Guttormur Sigbjarnarson, Sigrún Aðalsteinsd., Aðalsteinn Aðalsteins., Þorgils Gunnlaugss., María B. Gunnarsd., Pálmi Gestss., Sæunn Marinósd. og Sigurður Aðalsteins. frá ævintýrum sínum á hreindýraveiðum og rakin er saga þeirra.

160 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



### Hugleiðingar um gagnrýna hugsun

Henry Alexander Henrysson og

Páll Skúlason

Í bókinni ræða höfundar gildi gagnrýninnar hugsunar og vekja lesendur til umhugsunar um mikilvægi hennar. Bókinni er ætlað að stuðla að markvissum umræðum um eðli og tilgang gagnrýninnar hugsunar og hvetja til eflingar kennslu hennar.

174 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Hugrækt og hamingja

Vestræn sálarfræði, austræn víska og núvítund

Anna Valdimarsdóttir

Hér fléttar Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur saman vestrænni sálarfræði og austrænni vísku í árangursríka og viðurkennda leið sem stuðlar að meiri lífsgæðum, tilfinningagreind, hugarró og vísku. Og þar er núvítund (mindfulness) í stóru hlutverki. Mannbættandi bók.

314 bls.

Veröld

IB



### Hugsað með Platóni

Neðanmálsgreinar við heimspeking.

Ritstj.: Svavar Hrafn Svavarsson

Íslenskir heimspekingar hafa lagt sitt af mörkum til þeirra, bæði með glímu sinni við þau viðfangsefni sem Platon gerði heimspekileg og við Platon sjálfan. Bókin geymir 14 ritgerðir um verk Platons, viðfangsefni og áhrif.

250 bls.

Háskólaútgáfan

KIL

# Skólavörðustíg 11

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar




540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



# ÍSLENSKT ORÐBRAGÐ

– forvitnilegt og frískandi!



Bók um íslenskt mál, önnur mál, stórmál og smámál, mannamál og dýramál, daglegt mál, mælt mál, ritað mál og fornámál, stofnanámál, bundið mál, gamanmál og vandræðamál, jafnvel framtíðarmál: okkar mál.





### Hugsað með Vilhjálmí

Ritgerðir til heiðurs Vilhjálmí Árnasyni sextugur

Ritstj.: Salvör Nordal og

Róbert H. Haraldsson

Erindi af málþingi sem haldið var til heiðurs Vilhjálmí Árnasyni 2013 og fjalla um heimspeki og hugðarefni sem tengjast honum.

250 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Hugsmiðar

Um siðferði, stjórnmál og samfélag Vilhjálmur Árnason

Höfundur reifar hugmyndir sínar um brynustu verkefni siðfræðinnar nú, vanda og verkefni lýðræðis og greinir nokkur siðferðileg úrlausnarefni s.s. spurningur um einstaklingsfrelsi og félagslegt réttlæti. Færð eru rök fyrir því að íslenskt samfélag sé langt frá því að tileinka sér vandaða stjórnsiði.

330 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Hugsunin stjórnar heiminum

Páll Skúlason

Hvaða erindi á hugsunin við heiminn? Ráðast athafnir okkar af sýn okkar á heiminn? Til að skerpa hana og bæta þurfum við á heimspeki að halda. 14 greinar um hugmyndir og álitamál heimspekinnar, gildi hennar og forsendur og rýnt í kenningar heimspekinganna Heideggers, Sartres, Ricæurs og Derrida.

224 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Hugur 25

Ritstj.: Jóhannes Dagsson

Yfirskrift heftis er „Listir, bókmenntir, lýðræði.“ Greinar eftir Stefán Snævarr, Geir Sigurðsson, Hlyn Helgason, Ingimar Ólafsson Waage o.fl. Í heftinu er einnig að finna þýðingar á greinum eftir Giorgio Agamben, Ólaf Gíslason, Jean-Luc Nancy, Maurizio Lazzarato og Helmuth Plessner.

162 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Húsin í bænum – Ísafjörður

Sigurður Pétursson

Myndir: Sigurjón J. Sigurðsson

Þegar komið er til Ísafjarðar vekur mikill fjöldi gamalla húsa strax athygli. Gamla byggðin hefur varðveist þar betur en víðast annars staðar á Íslandi. Í þessari bók er fjallað um þessi hús í stuttu máli, uppruna þeirra og sögu. Mynd fylgir hverju húsi. Bókin er á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku.

154 bls.

Skrudda

IB



### Hvar er Mómó?


Andrew Knapp

Hundurinn Mómó hefur unun af feluleikjum. Það þarf að finna Mómó á yfir 100 ljósmyndum, sem bestí vinur hans, Andrew Knapp, tók. Bók sem ungir sem aldnir skemmta sér yfir.

140 bls.

Bókafélagið (BF-útgáfa)

KIL



### Hvernig veit ég að ég veit?

Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir

Björn Bergsson

Kenntubók þar sem lögd er höfuðáhersla á skapandi hugsun og frumlega rannsóknarvinnu. Fjallað er um megind- og eigindlegar rannsóknaraðferðir og kenningar. Efnioð er sett þannig fram að nemendur geti gert sína eigin könnun eða vettvangsrannsókn með aðstoð kennara.

280 bls.

ÍÐNÚ útgáfa

SVK



### Inquiring into Contemporary Icelandic Philosophy

Gabriel Malenfant

Er íslensk heimspeki frábrugðin heimspeki annarra þjóða? Er hægt að tala um íslenska heimspekinga eða íslenska heimspeki? Hér er reynt að veita lesandanum vísbendingar um svör við þessum spurningum í greinum sem skrifaðar eru aðallega af nýrri kynslóð íslenskra heimspekinga.

160 bls.

Háskólaútgáfan

KIL

# Þrjú ný öndvegisrit



## Marteinn Lúther

Lúther er öflugasti og áhrifamesti gagnrýnandi kaþólsku kirkjunnar. Hann var bannfærður og fordæmdur um alla eilífd af kirkjulegum yfirvöldum, dæmdur útlægur og réttðræpur. Í bókinni er rýnt í samtíma Lúthers og áhrif hans, meðal annars hér á landi. Höfundur er Gunnar Kristjánsson.



## Þekkingin beisluð Nýsköpunarbók

Bókin fjallar um þróun nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi undanfarna þrjá áratugi. Þrjátíu og tvær greinar eru í bókinni eftir fræðimenn, frumkvöðla og fagaðila um málefni sem rekja má til nýsköpunar.



## Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna

Fátt skiptir meira máli en aðbúnaður barna. Í þessari bók er gerð skipuleg grein fyrir því sem vandkvæðum er bundið í samskiptum barna við uppalandur sína. Tryggvi Gíslason þýddi og Sigrún Júlíusdóttir ritaði inngang. Höfundur er Kari Killén.

*Lærdómsritin  
eru grundvallarrit  
í iðkun fræða og  
vísinda á Íslandi  
– einn merkasti  
bókaflokkur  
á íslensku*



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)






### Í kjölfar jarla og konunga

**Þorgrímur Gestsson**  
Þorgrímur Gestsson ferðaðist um fornsagnaslóðir Orkneyja og Hjaltlands með Orkneyinga sögu í farteskínu og fléttar saman með athyglisverðum hætti sögu, sem skrifuð var á Íslandi á 13. öld, og ferðasögu sína. Hann lýsir heimsóknum sínum á forna sögustaði eyjanna og kynnum af sögufróðu fólki.

200 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**

IB



### Í köldu stríði

**Barátta og vinátta á átakatímum Styrmir Gunnarsson**  
Óvissa, ótti og tortryggni á tímum kalda stríðsins. Afhjúpun á leyniskýrslum og aðgerðum sem þóttu réttlætunarlegar en eru eldfimar í umræðunni í dag. Pólitískar rætur Styrmis, Flokkur þjóðernissinna og vinátta sem lifði kalda stríðs af, þrátt fyrir allt. Hreinskiptin lýsing á veröld sem var.

285 bls.  
**Veröld**

IB



### Í lok dags

**Vinnubók**  
**Birna Björgvinsdóttir**  
Hér getur notandinn gert upp daginn til að finna hvað hann getur bætt í fari sínu og umgengni við aðra. Bókin stuðlar að uppbyggingu sjálfsgagnrýni, bætir lífsgæði, afköst, sköpunargleði og þroska.

232 bls.

**Salka**

KIL



### Íslendingabættir

**Saga hugmyndar**  
**Ármann Jakobsson**  
Íslendingabættir var algengt hugtak í rannsóknnum og kennslu á íslenskum bókmenntum á 20. öld. Hér er saga hugmyndarinnar rakin og tekstist á gagnrýnninn hátt við hana. Sýnt er fram á að hinar vísindalegu niðurstöður eru grundvallaðar á forsendum sem alþýðuútgáfur höfðu skapað í upphafi aldarinnar.  
170 bls.  
**Háskólaútgáfan**

KIL



### Íslenska fjögur

**Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson**  
*Íslenska fjögur* er hvort tveggja í senn, kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla og sýnisbók. Fjallað er um lærdómsöld, upplýsingu, rómantik og raunsæi og mikilvæg skáld á hverjum tíma fyrir sig. Eftir sömu höfunda hafa einnig komið út bækurnar *Íslenska eitt, tvö og þrjú*.  
330 bls.  
**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Íslenskar þjóðsögur

**Ritstj.: Benedikt Jóhannesson og Jóhannes Benediktsson**  
*Íslenskar þjóðsögur* er úrval af öllum bestu sögunum úr safni Jóns Árnasonar í handhægru og fallettri bók. Þær koma nú loksins út að nýju eftir að hafa verið með öllu ófánlegar. Klassískar myndir Freyðísar Kristjánsdóttur gera bókina enn eigulegri en ella. Allir þurfa að þekkja þjóðsögurnar. Góð jólagjöf sem endist alla ævi.  
256 bls.  
**Útgáfufélagið Heimur hf.**

IB

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**  
Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 22.-23. NÓV. 2014  
Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**„Virðilega vel gerð  
og þörf bók fyrir  
íþróttafólk og  
aðra sem stunda  
hreyfingu.“**

*Geir Gunnar Markússon,  
næringarfræðingur*

**„Mæli hiklaust  
með þessari bók.“**


*Kári Steinn Karlsson, afreksmaður  
og maraþonhlaupari*

**„Þarft uppflettirit  
fyrir alla foreldra.“**

*Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir,  
dagskrárgerðarmaður*

**„Þetta er mjög  
þörf bók ... ég mun  
nota hana við uppeldi  
á mínum börnum.“**

*Hrefna Sætran,  
matreiðslumeistari*



**IDNU**  
Ú T G Á F A

Brautarholti 8 / 105 Reykjavík  
sími 517 7210 / fax 552 6793 / [www.idnu.is](http://www.idnu.is)

Opið  
mán-fim  
9-17  
föstudaga  
9-16




### Jarðeignir kirkjunnar 1000-1550 og tekjur af þeim

Árni Daniel Júlíusson

Í bókinni birtast niðurstöður rannsókna á hinum ýmsu jarðagóssum sem kaþólska kirkjan kom á fót hér á landi. Þrír meginkaflar eru í bókinni, um klaustragóss, um jarðagóss biskupsstólanna og sá þriðji um jarðagóss kirkjuléna, kirkjustaða eins og Odda, Grenjadarstaðar og fleiri sem áttu mikið af jarðeignum. 247 bls.

Rannsóknarstofa í sagnfræði

KIL



### Jóga

Grunnæfingar

Jacqueline May Lysycia

Myndskr.: Julian Baker

Bókin lýsir 88 jóga æfingum með teikningum og lýsingu á því hvernig þær skal framkvæma. Höfundurinn hefur ritað margar metsölubækur um jóga og er jógakennari. Bókin er bundin inn með fornri kinnverskri aðferð. Hún er frábær gjöf jafnt til byrjenda sem forfallinna jógaáðdáenda. 96 bls.

Steinegg ehf

IB



### Kirkjur Íslands 23. bindi

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason

Hinum tíu friðuðu kirkjum í *Skaftafellsprófastsdæmi* er lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfraði og þjóðminjavörslu. Gersemar íslenskrar þjóðmenningar. 462 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Kjaftað um kynlíf

Handbók fyrir fullorðna til að ræða um kynlíf við börn og unglina

Sigríður Dögg Arnardóttir

Börn og unglingar hafa þörf fyrir opnar samræður um kynferðisleg málefni. Þetta er handbók fyrir foreldra og þá sem starfa náið með þessum aldurshópi. Með hómor og hrein-skilni að leiðarljósi er auðveldara að ræða um málefni sem mörgum þykja óþægileg og sumir álíta vera tabú. 268 bls.

IÐNÚ útgáfa

SVK



### Kommúnisminn

Richard Pipes

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson og

Margrét Gunnarsdóttir

Í þessari snjöllu og gagnorðu bók er fjallað um sögu kommúnismans á heimsvísu – lýst fræðilegum grundvelli, sögu hans í Rússlandi, útbreiðslu hans til Austur-Evrópu, Kína og þróunarlanda, viðtökum hans á Vesturlöndum og kalda stríðinu. Höfundur er prófessor við Harvard-háskóla. 236 bls.

Ugla

KIL



### Kristín Guðmundsdóttir

húbýlafraeðingur

Ritstj.: Halldóra Arnardóttir

Kristín Guðmundsdóttir húbýlafraeðingur er frumkvöðull á sínu sviði og fyrsti háskólamenntaði innanhússarkitektinn á Íslandi. Kristín var fyrst til að halda þeim viðhorfum á loft að eldhúsið, sem þá var einkum vinnustaður kvenna, þarfnáðist heildstæðs skipulags. 200 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB

# Hallarmúla 4

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvalлагötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar




540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



# GLÆSILEGT TÍMAMÓTAVERK

um náttúru Íslands



„Frábærlega falleg bók!“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Feikilega metnaðarfullt ... Glæsilegt verk.“

EGILL HELGASON / KILJAN



**Hundruð**  
ljósmynda og  
skýringarmynda

Vandað og fróðlegt stórvirki eftir Snorra Baldursson sem veitir almenningi lifandi yfirsýn yfir fjölbreytt og magnað lífríki Íslands.

Fjallað er um allar tegundir gróðurs og dýralífs á og við Ísland, frá hinu smæsta til hins stærsta. Einstök bók.





### Króm og hvítir hringir

*Klassískir bílar í máli og myndum*  
Örn Sigurðsson

Glæsileg bók með yfir 700 myndum þar sem rakin er saga helstu bílategunda liðinnar aldar. Allir finna eitt-hvað við sitt hæfi, hvort sem þeir aðhyllast glæsikerrur kreppuáranna, litskrúðuga krómvagna eftirstríðsáranna eða kraftabíla sjöunda áratugarins. Kærkomin jólagjöf handa öllum bílaáhugamönnum.

440 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



### Kynlíf – já, takk

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir Þegar Ragga situr fyrir svörum um kynlíf streyma spurningarnar inn enda eru svörin hennar greinargóð, heiðarleg og passlega sexí. *Kynlíf – já, takk* er fróðleg og upplýsandi bók fyrir alla sem eru forvitnir um kynlíf og kynhegðun, byrjendur og lengra komna.

208 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



### Landshagir 2014

Hagstofa Íslands

Árbók Hagstofu Íslands, *Landshagir*, kemur nú út í 24. sinn með nýjum hagtölum um flesta þætti íslensks samfélags. Í bókinni eru yfir 300 töflur, 50 gröf og fjöldi skýringarmynda og ljósmynda. Bókin er bæði á íslensku og ensku og hentar vel til gjafa innanlands sem utan.

470 bls.

Hagstofa Íslands

IB



### Latína er list mæt

*Um latneskar menntir á Íslandi*  
Sigurður Pétursson

Úrval greina eftir Sigurð Pétursson um latínumenntir Íslendinga eftir siðaskipti. Hér er fjallað um nám í latneskri málfraði, latínulærðar konur á Íslandi og skrif áhrifamanna á borð við Arngrím lærða og Brynjólf biskup. Bókinni fylgir skrá yfir latínukvæði íslenskra skálda í aldanna rás.

390 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



### Litla hugsanabókin

*100 léttar hugsanir fyrir allan almenning*

Guðbergur Bergsson

Hinn sífrjóji Guðbergur fjallar í smámyndum og hugleiðingum um lífið og tilveruna eins og honum einum er lagið. Guðbergi er ekkert óviðkomandi og hann hlífir engu og engum.

48 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



### Litróf einhverfunnar

Ritstj.: Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen

Einhverfa er heilkenni sem felst í óvenjulegri heilastarfsemi og birtist í takmarkaðri félagsfærni, sérstakri skynjun, endurtekningarsamri hegðun og þröngu áhugasviði. Fjallað er um greiningu hennar, orsakir, meðraskanir, framvindu, horfur, meðferð, þjónustu, fjölskyldur, líf og reynslu einhverfra.

418 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Lífriki Íslands

*Vistkerfi lands og sjávar*  
Snorri Baldursson

Gríðarlega falleg, fræðandi og efnismikil bók um náttúru Íslands. Fjallað er um vistkerfi lands og sjávar, þróun lífríkisins og mismunandi búsvæði lífvera á og við landið, breytingar í tímans rás og framtíðarhorfur. Tímamótaverk prýtt fjölda glæsilegra skýringarmynda og ljósmynda. Gefið út í samstarfi við Opnu.

408 bls.

Forlagið


IB

ÞEGAR MAÐUR  
Á LÍFSBLÓM  
BYGGIR MAÐUR HÚS.

PENNINN Eymundsson

www.penninn.is | www.eymundsson.is

# EDDUKVÆÐI



Hjá Hinu íslenska fornritafélagi var að koma út ný og vönduð útgáfa eddukvæða í tveimur bindum með rækilegum skýringum og yfirgrípsmiklum formála. Kvæðin eru 36 að tölu. Eddukvæðin hafa lengi verið talin meðal gersema heimsbókmenntanna. Í þeim birtast skáldlegar sýnir, stórbrotin tilfinningaátök, djúp speki og hárbeitt skop í hnitmiðuðu en þó frjálsllegu formi. Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason sáu um útgáfuna og rituðu inngang og skýringar.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)





### Ljómandi!

*Fallegrí húð og unglegra útlit á 4 vikum*

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Myndir: Rene F. Hansen

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Hver vill ekki sjá frísklegt andlit í speglinum? Lykillinn að fallegrí húð er að hugsa vel um sjálfan sig, nota náttúrulegar vörur og borða hollan mat. Frábær leiðarvisir að bættu útliti, stútfull af góðum ráðum og girnilegum uppskriftum.

284 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



### Lykilorð 2015

*Orð Guðs fyrir hvern dag*

Í Lykilorðum eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk sálmavera eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari íhugunar. Uppbygging bókarinnar og innihald biður upp á fjölbreytta notkun. Lykilorð hafa náð að festa sig í sessi sem daglegur förunautur margra á þeim áratug sem þau hafa verið gefin út.

144 bls.

Lífsmótun

KIL RAF



### Lyklakippubækur

*Ástin mín ein*

*Elsku besta amma*

*Elsku besta systir*

*Elsku besta vinur*

*Indæla broshýra dóttir*

*Takk, elsku besta mamma*

Helen Exley

Þessar skemmtilegu lyklakippubækur eru óvenjuleg og falleg gjöf handa þeim sem þér þykir vænst um.

96 bls.

Steinegg ehf

IB



### Lýðræðistilraunir

*Ísland í hrúni og endurreisn*


Ritstj.: Jón Ólafsson

Bókin er safn greina um nýjungar á sviði lýðræðis á Íslandi í kjölfar hrunsins. Þessar nýjungar eru ræddar fræðilega og settar í samhengi samtímaumræðu um lýðræði, einkum rökræðulýðræðis og þekkingarlýðræðis.

132 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Marteinn Lúther

Gunnar Kristjánsson

Lúther er öflugasti og áhrifamesti gagnrýnandi kaþólsku kirkjunnar. Hann var bannfærður og fordæmdur um alla eilíff af kirkjulegum yfirvöldum, dæmdur útlægur og réttdræpur. Í bókinni er rýnt í samtíma Lúthers og áhrif hans, meðal annars hér á landi.

487 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



### Mig mun ekkert bresta

Jóna Lís Þorsteinsdóttir

Á gleðilegum tímamótum í lífi höfundar knúði sorgin dyra. Lesendur fá að skyggast inni huga hennar og fylgjast með hvernig hún glímir við söknuðinn og um leið sjálfa sig. Bókin styrkir þau sem hafa misst og hjálpar þeim að takast á við sorgina af nærfærni og ganga til móts við lífið með trú, von og kærleika að leiðarljósi. Hughreystandi frásögn, ljóðræn og vonarrík.

120 bls.

Skálholtsútgáfan

IB

ENDUR  
ÚTGAFA



### Musteri lifandi steina

*Saga, siðir og stefnumið frímúrara*

Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttir

Frímúrarar hafa löngum verið sveipaðir dul og því orðið uppspretta ýmissa misjafnra sagna og ranghugmynda. Í *Musteri lifandi steina* er saga frímúrara rakin og siðum þeirra lýst í máli og myndum. Fræðandi bók sem kemur á óvart.

120 bls.

NB forlag

Dreifing: Nordic Games

KIL



### Myndasagan

Úlfhildur Dagsdóttir

Fyrir þá sem vilja fá innýn í fjölbreyttan heim myndasögunnar. Fjallað er um myndasögur í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan, sérstakur kafli er um Ísland. Fróðlegt yfirlitsrit og tilvalin kennslubók.

252 bls.

Froskur Útgáfa

IB



### Náðu tökum á kvíða, fælni og áhyggjum

Sólveig Dröfn Davíðsdóttir

Sjálfshjálparbók sem á erindi til allra sem vilja læra hvernig sigrast megi á algengustu formum kvíða, svo sem kvíðaköstum, áhyggjum, þráhyggju og áráttu, fælni og félagskvíða. 210 bls.

**Edda útgáfa**

**KIL**



### Náttúra ljóðsins


Umhverfi íslenskra skálda

Sveinn Yngvi Egilsson

Náttúra ljóðsins fjallar um rómantíska náttúrusýn og umhverfisvitund frá 19. öld til nútímans. Meðal skálda sem koma við sögu eru Jónas Hallgrímsson, Steingrímur Thorsteinson, Matthías Jochumsson, Hulda, Snorri Hjartarson, Hannes Pétursson og Gyrðir Eliasson. 258 bls.

**Háskólaútgáfan**

**IB SVK**




### Náttúrupælingar

Páll Skúlason

Á síðustu áratugum hefur Páll Skúlason unnið brautryðjendastarf í skipulegri hugsun um náttúruna. Í þeim greinum og erindum sem hér birtast veitir hann nýja sýn á samband manns og náttúru og skýrir á frumlegan hátt hugmyndir og hugtök sem við þurfum til að skilja reynslu okkar og stöðu í tilverunni. 142 bls.

**Háskólaútgáfan**

**KIL**



### Núvitund

Leitaðu inn á við

Chade Meng-Tan

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Áhugi á núvitund (*mindfulness*) hefur margfaldast á síðustu árum; með hugleiðslu má efla visku og æruleysi og takast á við vanlíðan. Hér flytur einn af stjórnendum Google boðskap um ný viðhorf sem á erindi við hvern og einn og hjálpar til að gefa lífinu gildi með því að leita inn á við. 276 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

**SVK RAF**



### Ofbeldi á heimili

Með augum barna

Ritstj.: Guðrún Kristinsdóttir

Þvegfagleg rannsókn á heimilisofbeldi, vanrækslu og misnotkun á börnum og mæðrum þeirra. Greint er frá reynslu þeirra, hugmyndum og vitneskju um þetta þjóðfélagsmein, rýnt í einhæfa orðræðu prentmiðla um heimilisofbeldi og rætt um aðkomu fagfólks og forvarnarhlutverk grunnskólans. 265 bls.

**Háskólaútgáfan**

**KIL**



### Orð að sönnu

Íslenskir málshættir og orðskviðir

Jón G. Friðjónsson

Málshættir og orðskviðir eru fjársjóður kynslóðanna og í þeim er fölginn sigild speki. Hér er á ferð stærsta safn íslenskra málshátta sem út hefur komið, í senn hagnýtt uppsláttarrit og vandað fræðirit. Fjallað er um aldur, uppruna og merkingu um 12.500 málshátta, allt frá elstu heimildum til nútímans. 736 bls.

**Forlagið**


**IB**

heimkaup.is

Allar bækurnar  
í Bókatiðindum



Frí heimsending ef pantað er fyrir meira en 4.000 krónur. Afhendum sama kvöld á höfuðborgarsvæðinu og daginn eftir víðast hvar annarsstaðar!



### Orðbragð

Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason  
Stórskemmtilegt fróðleikskrit og stórfröðlegt skemmtirit með óvæntum uppljóstrunum og sveilköldum staðreyndum um íslenskt mál og fjölda-mörg önnur hitamál. Samnefndir sjónvarpsþættir Brynju og Braga hafa slegið í gegn, og rétt eins og þeir er bókin stútfull af fróðleik og fjöri. DVD-diskur fylgir.  
192 bls.

**Forlagið**

IB



### Orkneyskar Þjóðsögur

Þýð.: Jóna Guðbjörg Torfadóttir  
Skrás.: Tom Muir  
Orkneyingar eiga líkt og Íslendingar uppruna bæði á Bretlandseyjum og Norðurlöndum. Hér kynnumst við vættum lands og sjávar, Finnfolki, nánýkrum og sætrítlum svo fátt eitt sé talið. Sögurnar eru kunnuglegar þeim sem þekkja íslenskar þjóðsögur. Skemmtileg lesning fyrir alla aldurs-hópa.  
220 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

SVK



### Óðsmál – Norse Edda Spiritual Highlights

Guðrún Kristín Magnúsdóttir  
2014 koma út rúmlega 40 bækur Óðsmál á ensku.  
Óðsmál research project on Allegory and Symbolic Language in our Norse Myths and Poems, Pure Theosophy in our Ancient Spiritual Heritage.  
Óðsmál available on Amazon, search freyjukettir  
Contact: freyjukettir@mmedia.is  
**Freyjukettir, Norræn menning**


SVK



### Óskasteinar

Myndskreytt söngvabók með nótum og bókstafshljómum, við texta Hildigunnar Halldórsdóttur  
Myndskr.: Hjördis Inga Ólafsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir (1912–1992) samdi og þýddi söngtexta sem hafa notið vinsælda í leik- og grunnskólum. Bókin inniheldur 46 lög við texta hennar. Geisladiskur fylgir bókinni. Hann inniheldur 27 lög í flutningi þriggja kynslóða afkomenda hennar.  
108 bls.  
**Minningsgjóðurinn Óskasteinar**

IB




### Ráðgáta lífsins

Guðmundur Eggertsson  
Dr. Guðmundur Eggertsson var líffræðiþáttur um árabíl og hefur verið kallaður faðir erfræðinnar á Íslandi. Guðmundur skrifar fallegan og látlausan texta og gerir vísindin aðgengileg leikmönnum. Áður hafa komið út hjá Bjarti *Líf af lífi* (2005) og *Leitin að uppruna lífs* (2008).  
186 bls.

**Bjartur**

IB



### Reykjavík sem ekki varð

Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðni Valberg  
Reykjavík hefði hæglega getað litið allt öðruvísi út ef upprunalegar hugmyndir um staðsetningu og útlit helstu lykilygginga samfélagsins hefðu náð fram að ganga. Hér er því svarað hvernig.  
220 bls.

**Crymogea**

IB



### Reykjavík Walks

Guðjón Friðriksson  
Þýð.: Björg Árnadóttir og Andrew Cauthery  
Bókaútgáfan Hildur gefur út bókina *Reykjavík Walks* eftir Guðjón Friðriksson rithöfund og sagnfræðing. Bókin er á ensku og einkum ætluð ferðamönnum en einnig hugsuð sem falleg gjafabók eða minjagripur um Reykjavík. Hún er ríkulega myndskreytt en einnig með miklu lesmáli.  
240 bls.  
**Bókaútgáfan Hildur ehf**

IB



### Ritið:1/2014

*Vesturheimsferðir í nýju ljósi*  
Ritstj.: Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Úlfar Bragason og Björn Þorsteinsson  
Ímyndir, sjálfsmyndasköpun, varðveisla íslensks menningararfs og þvermenningarleg yfirferla eru áleitinn efni í greinunum sem valdar voru í þetta hefti *Ritsins* um Vesturheimsferðir í nýju ljósi.  
202 bls.  
**Háskólaútgáfan**

KIL

**Ritíð:2/2014***Mannslíkaminn*

Ritstj.: Björn Þ. Vilhjálmsson og Eyja M. Brynjarsdóttir

Í þessu hefti *Ritsins* um mannslíkamann birtast fimm greinar sem spanna meðal annars flokkun á fólki eftir líkamseinkennum, hvað sé leyfilegt eða viðurkennt að gera við líkama sinn eða með honum og það hvernig líkaminn og ummerki hans eru notuð til tjáningar.

232 bls.

**Háskólaútgáfan**

KIL

**Saga***Tímarit Sögufélags.*

LII: 1 2014 og LII: 2 2014

Ritstj.: Sigrún Pálsdóttir

Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands.

244 bls.

**Sögufélag**

SVK

**Saga fyrirbæna-míðils**


Sigríður M. Örnólfssdóttir

Höfundurinn, lýsir í þessari bók áhrifum dulrænnar skynjunar á líf sitt. Hún lýsir skynjunum sínum og hvernig þeim er háttað. Erfiðri reynslu og dásamlegri reynslu. Einnig er fjallað um mátt bænarinnar, kærleikann og varpað fram spurningunni um endurholgun.

64 bls.

**Bókaforgið Bifröst**

KIL

**Saga Pelópsjarstríðsins****Þúkýdides**

Þýð.: Sigurjón Björnsson

Saga Pelópsjarstríðsins er sigilt rit um átök, vald og frásögn. Skrásetjarinn Þúkýdides lýsir hinum hörðu bardögum Aþeninga, Spartverja og annarra sem komu við sögu þegar stríðið geislaði á fimmtu öld fyrir Kristsburð.

640 bls.

**Sögufélag**

IB

**Skagfirskar skemmtisögur***Miklu meira fjör!*

Björn Jóhann Björnsson

Snillingar stíga hér á stökk: Hilmir Jóhannesson, Maron vörubílstjóri og Haukur Páls., Böddi á Gili, Bjarni Har, Biggi Rafns, Mundi í Tungu, Friðrik á Höfða, Tryggvi í Lónkoti, Árni á Brúnastöðum, Agnar á Miklabæ, Villi Egils, Gulla í Gröf, Helga frá Frostastöðum, Didda í Litlu-Brekku og Ása Öfjörð, svo nokkrir skemmtilegir Skagfirðingar séu nefndir.

**Bókaútgáfan Hólar**

KIL

**SKARAÐU fram úr***Markþjálfun*

Erik Bertrand Larssen

Þýð.: Jakob S. Jónsson

Hvernig geturðu náð betri árangri – skarað fram úr? Höfundur bókarinnar er norskur markþjálfari sem hefur aðstoðað forkólfa atvinnulífsins, afreksfólk í íþróttum og venjulega einstaklinga við að ná markmiðum sínum. Mögnuð bók sem hjálpar þér að brjótast úr viðjum vanans.

247 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

SVK

**SKÍRNIR – Tímarit HÍB***vor & haust 2014, 188. árg.*

Ritstj.: Páll Valsson

Fjölbreytt og vandað efni m.a. um íslenskar bókmenntir, náttúru, sögu og þjóðerni, heimspeki, vísindi, myndlist og stjórnmál og önnur fræði í sögu og samfélagi. *Skírnir* er eitt allra vandaðasta fræðatímarit Íslendinga. Nýir áskrifendur velkomnir; Sími 588-9060.

555 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK

**SKÖPUNAR kjarkur***Að leysa úr læðingi sköpunarmáttinn innra með okkur öllum*

Tom Kelley og David Kelley

Þýð.: Bergsteinn Sigurðsson

Nýsköpun og skapandi hugsun er lykillinn að árangri fyrirtækja og einstaklinga. Skapandi hugsun er hugarfar sem hægt er að rækta eins og brautryðjendurnir David og Tom Kelley sýna í þessari fróðlegu bók.

272 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

SVK

RAF



### Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar

Gerður G. Óskarsdóttir

Ein umfangsmesta rannsókn á grunnskólastarfi hérlandis. Niðurstöðum er ætlað að bregða upp mynd af skólastarfi samtímans og skapa forsendur fyrir þróunarstarfi á vegum sveitarfélaga og einstakra skóla. Rannsóknin verður gagnabanki til langtímarannsóknna á starfsháttum í grunnskólum til framtíðar.

320 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



### Sumarlandið

Guðmundur Kristinsson

Hér lýsa framliðnir því sjálfir, sem gerist, þegar maðurinn deyr. Birtar eru frásagnir 40 látinna ættingja og vina og 12 presta. Þá eru frásagnir breskra flugmanna frá stríðsárunum og einn, sem fórst fyrir 72 árum og viðtal við Richard Durst, kaptein í bandaríska herliðinu á Selfossi sumarið 1942. Bókin var gefin út í nóv. 2010 og kemur nú út í 6. prentun.

258 bls.

Árnesútgáfan

IB

ENDUR  
ÚTGÁFA



### Summerland, The

Guðmundur Kristinsson

Sagt er frá breska miðlinum Horace Hambling. Og sýnum við dánarbed og jarðarfari. Þá eru viðtöl við framliðna presta og son höfundar, sem fórst í bílslysi 2002 og mág hans, sem fórst í árás kaþbáts 1941 og breska flugmenn frá stríðsárunum og kaptein Richard Durst – um andlát þeirra og hvað við tók. Loks er löng frásögn af ferðalagi um framlífsheima. Bókin er á ensku.

247 bls.

Árnesútgáfan

SVK



### Surtsey í sjónmáli

Erling Ólafsson og Lovísa Ásbjörnsdóttir

Stórglæsileg bók sem gefur einstakt tækifæri til að skyggjast inn í dulinn heim Surtseyjar og kynnst jarðfræði, framvindu gróðurs, fuglalífi og mótun samfélags smádyra. Stórbrotin þróunarsaga í leikandi máli og stórkostlegum myndum sem fæstar hafa áður komið fyrir augu almennings.

224 bls.

Edda útgáfa

IB



### Sönglög – Best að borða ljóð

Jóhann G. Jóhannsson

*Sönglög Jóhanns G. Jóhannssonar við ljóð Þórarins Eldjárns.* Sautján lög með vönduðum píanómeðleik samin við úrval ljóða úr ýmsum ljóðabókum Þórarins, bæði þeim sem ætluð eru börnum og fullorðnum. Happafengur fyrir söngvara á tónleikapalli sem og söngnema og annað söngglatt fólk!

44 bls.

gjg útgáfa

SVK



### Sönglög – Svið, við og þið

Jóhann G. Jóhannsson

*Leikhústónlist Jóhanns G. Jóhannssonar við texta Þórarins Eldjárns.* Tuttugu lög úr barnaleiksýningum með píanóundirleik og bókstafa-hljómum, m.a. úr *Sitji guðs englar*, *Litli-Kláus* og *Stóri-Kláus* og *Bróðir minn Ljónshjarta*, en Jóhann var um árabíl tónlistarstjóri Þjóðleikhússins.

48 bls.

gjg útgáfa

SVK




### Tarfurinn frá Skalpaflóa

Magnús Þór Hafsteinsson

Þýski kaþbátsfóringinn Günther Prien og áhöfn hans vöktu ómældan ótta og hrylling meðal sjófarenda á siglingaleiðum sunnan Íslands. Á hinn bóginn voru þeir dýrkaðir sem þjóðhetjur heima fyrir. Þegar kaþbátur þeirra hvarf sporlaust í skipalestarorrustu suður af Íslandi voru vinsældir þeirra slíkar að Hitler bannaði fregnir af því. Æsispennandi bók um kaþbátahernaðinn í seinni heimsstyrjöldinni.

Bókaútgáfan Hólar

IB



### Tattoo

*Tákn og merking*

Jack Watkins

Myndskr.: Mark Franklin

Þessi lokkandi bók skoðar yfir 80 myndefni húðflursins frá margvíslegum menningarskeiðum. *Tattoo* er einstök og aðlaðandi bók sem höfðar til allra sem heillast af húðflúri eða búa yfir leyndri ósk um að fá sér tattoo.

96 bls.

Steinegg ehf

IB





### Táknmál drauma

Sigrún Gunnarsdóttir

Eðli drauma er leiðsögn hvort sem hún er veraldleg eða andleg. Sífelld fleira fólk dremmir drauma sem eru guðleg leiðsögn, en sú leiðsögn er send okkur á táknmáli sem fái skilja ennþá.

160 bls.

**Draumsýn ehf**

**GOR**



### Traditions & Continuities

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Hér er fjallað er um þróun stuðlasetninga í íslenskum kveðskap og sagan rakinn allt aftur fyrir landnám. Sérstök áhersla er lögð á þá sérstöðu okkar að varðveita hefðina að mestu óbreytta frá upphafi. Bókin er einnig gefin út í rafrænu formi.

294 bls.

**Háskólaútgáfan**

**SVK RAF**



### Trú, von og kærleikur

Samant.: Karl Sigurbjörnsson, biskup.

Hér má finna orð og örsögur, íhuganir og myndbrot, ljóð og spekiord úr ýmsum áttum sem gleðja, næra og kæta. Þrjú kaflar eru úr bókinni; Trú, von og kærleikur. Kíminn er aldrei langt undan, hin óvæntu sjónarhorn sem varpar ljósi yfir það sem máli skiptir í lífinu. Þessi bók geymir gott veganesti út í dagsins amstur og eril hversdagsins.

160 bls.

**Skálholtsútgáfan**

**IB**



### Trú, von og þjóð.

Sjálfsmynd og stadleysur.

Sigurjón Árni Eyjólfsson

Í þessu riti er leitast við að varpa ljósi á trúarþáttinn í algengum hugmyndum um þjóð, þjóðerni og þjóðríki. Skoðaðar eru rætur þeirra í táknheimi kristinnar og reynt að svara þeirri spurningu hvort þjóð, þjóðerni og þjóðríki hafi tekið sæti trúarbragðanna í kjölfar upplýsingarinnar.

550 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

**IB**



### Uppruni norrænna manna


William B. Williams

Var guðinn Óðinn úr norrænni goðafræði í raun og veru maður sem var uppi á 1. öld fyrir Krist? Hér er ný bók byggð á rannsóknnum bandaríska fræðimannsins Williams B. Williams. Þær benda til þess að goðsögnin um Óðin sé byggð á stríðsforingja sem er ættfaðir norrænna nútímamanna.

168 bls.

**Sögur útgáfa**

**SVK**



### Útikennsla og útinám í grunnskólum

Inga Lovísa Andreassen og

Auður Pálsdóttir

Myndskr.: Myrra Leifsdóttir

Í þessari greinargóðu og aðgengilegu bók geta lesendur fræðst um útikennslu og mikilvægi hennar fyrir nám og þroska barna og ungmenna og þátttöku þeirra í samfélaginu. Bókin er í senn fræðileg og hagnýt.

176 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

**SVK**

LITLA, GULA HÆNAN FANN FRÆ.  
ÞAÐ VAR HVEITIFRÆ. LITLA, GULA HÆNAN SAGÐI:  
„HVER VILL SÁ FRÆINU?“

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**PENNIN**

**Eymundsson**

540 2000 | pennin@pennin.is | www.pennin.is | www.eymundsson.is



IB HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is  
Óttar Sveinsson les

## Útkall – Örlagaskotið

Óttar Sveinsson

Hér er sagt frá ævintýrlegum björgunaraðgerðum út af Breiðafirði árið 1962 eftir að togarinn Elliði frá Siglufirði hafði legið á hliðinni í glóruleausu hafróti og éljagangi. 28 manna áhöfn beið örlaga sinna svo klukkustundum skipti. Einnig er nýr kafla um árásina á Goðafoss árið 1944 og fund eins skipverjans með kabátsmanni sem tók þátt í að granda skipinu. 224 bls./350 mín.

Útkall ehf



## Veftímarit. Stjórnmal og stjórnsýsla 9. árg. 2014

Ritstj.: Gunnar Helgi Kristinsson o.fl.  
Vor og hausthefti veftímaritsins 2014  
600 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



## Vakandi veröld – ástaróður

Margrét Marteinsdóttir og Rakel Garðarsdóttir

Gullfalleg bók sem bendir á hvernig hægt er að ganga betur um náttúruna. Fjallað er um matarnýtingu, hreinsiefni, snyrtivörur, plast, fót, leikföng og margt fleira. Markmiðið er að spara og draga úr matarsóun. 84 bls.

Salka

IB



## Vegurinn – ferðalýsing á vegi bænar og trúar

Eva Cronsioe og Tomas Ericson

Þýð.: Karl Sigurbjörnsson  
Bókin er ætluð þeim sem vilja iðka trú sem virkar í hversdeginum. Ferðafélaginn er Jesús sjálfur, saga hans er ofin við perlu bænanabandsins. Hver perla þess táknar manneskjuna – undrun, kærleika og von, en líka reynslustundir, baráttu og myrkur. Bænanandið, hefur reynst mögum dýrmætt. 128 bls.

Skálholtsútgáfan

IB



## Vatnsdalsá

Sagan og veidimennirnir

Einar Falur Ingólfsson, Sigurður Árni Sigurðsson og Þorsteinn J.

Enginn dalur er *segurri* en Vatnsdalur, er haft eftir Lionel S. Fortesque sem fyrstur leigði veiðiréttin í Vatnsdalsá.

Í þessari fallegu bók er saga veiða í ánni rakin frá landnámi, rætt við veiðimenn, bændur, leigutaka og leiðsögumenn. Bókina prýða vandaðar ljósmyndir ásmat nýju korti af allri ánni. 230 bls.

G & P

IB



## Verum græn

Ferðalag í átt að sjálfbærni

Ásthildur Björg Jónsdóttir, Ellen Gunnarsdóttir og Gunnólfur Yr Finnbogadóttir

Skemmtileg handbók fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem sýnir þeim á einfaldan og sniðugan hátt hvernig hægt er að taka skref í átt að grænum og sjálfbærum lífsstíl. 98 bls.

Edda útgáfa

IB



## Veðurfræði Eyfellinga

með viðbótum og nýrri orðaskrá

Þórður Tómasson frá Vallnatúni

Greinargerð um veður og veðurmál undir Eyjafjöllum frá árinu 1979, endurútgefin með viðbótum, nýrri orðaskrá og eftirmála höfundar. Þegar bókin kom út sendi sendi Nóbels-skáldið Halldór Laxness höfundu þakkarbréf og áletraða bók í hrifningu sinni. Loks fánleg á ný. 198 bls.

Bjartur

IB



## Vestfirskir sjómenn í blíðu og stríðu

Samant.: Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson

„Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða. Það vitum við sjómennirnir ef til vill betur en aðrir.“ Svo mælti Eiríkur Kristófersson skipherra. Það má ekki minna vera en vestfirskum sjómönnum sé helguð ein bók þar sem eingöngu er slegið á léttri strengi. 112 bls.

Vestfirska forlagið

KIL



### Vinnuvernd

*Vitund – Varnir – Viðbrögð*

Eyþór Víðisson

Allir ættu að láta sig vinnuvernd varða og því er almenn kunnátta á hugtökum, hættum og aðferðum til úrbóta nauðsynleg svo draga megi úr áhættu á vinnustað. Efni þessarar kennslubókar er sett fram á einfaldan og skýran hátt og stuðst við fjölda ljósmynda og teikninga. Verkefni fylgja hverjum kafla.

128 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

SVK



### Parf ég að deyja ef ég vil ekki lifa?

Óttar Guðmundsson

Myndir: Jóhanna V. Þórhallsdóttir

Hér er rakin saga sjálfsviga og gerð grein fyrir vandamálum þeirra sem svipta sig lífi eða reyna það; sagt frá aðstæðum þess fólks og aðstandenda. Óvenjuleg og hispurslaus bók þar sem sjálfsvíg eru skoðuð með augum geðlæknis með mikla þekkingu á þessum viðkvæmu málum.

189 bls.

**Forlagið – JPV útgáfa**

SVK



### Þegar foreldri fær krabbamein

*Um börn og alvarleg veikindi*

Wendy S. Harpham

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

*Þegar foreldri fær krabbamein* fjallar á hreinskilinn og nærfærinn hátt um það krefjandi verkefni að ala upp börn og lifa eðlilegu fjölskyldulífi þegar glímt er við krabbamein. Barnabókin *Begga* og *áhyggjubollinn* fylgir, myndskreytt saga um sjö ára stúlku sem á móður með krabbamein.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

SVK



### Þekkingin beisluð

Nýsköpunarbók

ýmsir

Bókin fjallar um þróun nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi undanfarna þrjátíu áratugi. Þrjátíu og tvær greinar eru í bókinni eftir fræðimenn, frumkvöðla og fagaðila um málefni sem rekja má til nýsköpunar.

608 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA ÆVISAGNA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 22.-23. NÓV. 2014

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Útivist, tómstundir og íþróttir



## 155 Ísland

Áfangastadir í alfaraleið  
Páll Ásgeir Ásgeirsson

Endurskoðuð og aukin útgáfa hinnar gríðarvinsælu *101 Ísland*. Hér er að á 155 viðkomustöðum, ýmist þeim sem eru á fárra vitorði eða vinsælum áfangastöðum sem sýndir eru í nýju ljósi. Stórfróðleg handbók sem opnar sýn á furður náttúrunnar, söguna, fólkið sem hér býr og íslenska þjóðarsál.

336 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



## 25 gönguleiðir á Hvalfjarðarsvæðinu

Náttúran við bæjarvegginn  
Reynir Ingibjartsson

Hér er lýst 25 gönguleiðum á svæðinu kringum Esju, Akrafjall og Skarðsheiði og við Hvalfjörð. Kort og leiðbeiningar fylgja hverjum gönguhring.

161 bls.

Salka

GOR

ENDUR  
ÚTGÁFA



## 25 gönguleiðir á Reykjanesskaga

Náttúran við bæjarvegginn  
Reynir Ingibjartsson

Hér er lýst 25 gönguleiðum á svæðinu frá Reykjanestá að Þrengslavegi og Þorlákshöfn. Kort og leiðbeiningar fylgja hverjum gönguhring.

162 bls.

Salka

GOR

ENDUR  
ÚTGÁFA



## Náttúran við bæjarvegginn 25 gönguleiðir í Borgarfirði og Dölum

Reynir Ingibjartsson

Hér er lýst 25 gönguleiðum í Borgarfirði, á Mýrum og í Dölum. Þráðurinn liggur frá Hvanneyri í Borgarfirði og að Ólafsdal við Gilsfjörð. Kort og leiðbeiningar fylgja hverjum gönguhring.

162 bls.

Salka

GOR



## Áfram ÍBA

Saga knattspyrnuhlíðs  
Íþróttabandalags Akureyrnar  
1944–1974

Stefán Arngrímsson

Saga hins stórkostlega knattspyrnuhlíðs ÍBA rakin í máli og fjölda ljósmynda. Margt kemur á óvart. Landsliðsrígr og tími Hermanns Gunnarssonar. ÍBA var frægt fyrir sóknarknattspyrnu. *Áfram ÍBA*, bók allra knattspyrnuáhugamanna.

165 bls.

Völuspá útgáfa ehf

IB

MAÐURINN FINNUR ÞAÐ  
SEM HANN LEITAR AÐ,  
OG SÁ SEM TRÚIR Á DRAUG  
FINNUR DRAUG

PENNINN

Eymundsson

www.penninn.is | www.eymundsson.is



### Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur

Einar Skúlason

Göngugarpurinn Einar Skúlason leiðir gönguglaða lesendur um einstæðar leiðir í nágrenni höfuðborgarinnar. Farið er um fjöll og dali, yfir úfn hraun, jarðhitasvæði og gróðurvinjar. Gömlum þjóðleiðum er fylgt og staldrað við á slóðum drauga og forn-kappa. Stórskemmtilegur ferðafélagi. 192 bls.

**Forlagið – Mál og menning**

SVK



### Flottu fótboltabæurnar Balotelli

Ítalski villingurinn

Illugi Jökulsson

Hann var annálaður vandræðagemi en er nú ætlað stórt hlutverk við að koma Liverpool aftur í fremstu röð. Litrík og fjörug frásögn um þennan umdeilda ítalska snilling. 64 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



### Betri sagnir, betri spilamennska

Dorothy Hayden Truscott  
Þýð.: Jörundur Þórðarson

Megináhersla er á Standard sagna-kerfið ásamt vörninni. Lesendum er kennt að hugsa eins og góður spilar og lesturinn auðveldar þátttöku í spilamennsku á netinu. Bókin kemur að góðum notum fyrir alla sem vilja bæta sig í brids, byrjendur og lengra komna. Hún hefur hlotið framúrskarandi umsagnir erlendis.

**Jörundur Þórðarson**

SVK



### ÍSLAND Ferðakortabók með þéttbýliskortum

Ferðakortabók í handhægu broti með þéttbýliskortum (mælikv. 1:500:000). Upplýsingar um vegakerfi landsins, vegalengdir og vegnúmer, en einnig um bensínstöðvar, gistingu, tjaldsvæði, sundlaugar, söfn o.fl. Jafnframt eru í bókinni gróður- og jarðfræðikort og ítarleg örnefnaskrá. Ómissandi ferðafélagi!

96 bls.

**ÍÐNÚ útgáfa**

GOR

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ  
HVAÐ ER NÝTT Í ÚTIVIST,  
TÓMSTUNDUM OG ÍÞRÓTTUM?

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 22.-23. NÓV. 2014

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**Góð næring – betri árangur**  
*í íþróttum og heilsurækt*  
Friða Rún Þórðardóttir

Bók fyrir alla sem stunda íþróttir, hreyfingu eða aðra líkamsáreynslu og vilja auka næringartengda þekkingu sína. Í því felst að velja hollari fæðu sem mætir orku- og næringarþörf við ólíkar aðstæður. Bókin hentar vel til kennslu en þjálfarar og ekki síst foreldrar geta einnig haft gagn af bókinni.

200 bls.  
**IDNÚ útgáfa**

SVK



**Hekl, skraut og fylgihlutir**

Ros Badger  
20 krúttleg og krassandi heklverkefni sem verða til þess að þú heklar daginn út og inn. Með einni heklunál og garni eru möguleikarnir endalausir.

128 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

SVK



**Heklfélagið**  
*Úrval uppskrifta eftir 15 hönnuði*  
Ritstj.: Tinna Þórudóttir Þorvaldar  
Myndir: Lilja Birgisdóttir

Ejlbreytt verkefni úr hekli eftir 15 hönnuði. Litríkar flíkur á börn og fullorðna sem og skrautleg teppi, dúkar og fleira fyrir heimilið. Ítarlegar hekleiðbeiningar eru í bókinni, gagnlegar upplýsingar um garn og garntegundir og sérstakir kennslukaflar í amigurumi- og kaðlahekli.

192 bls.  
**Forlagið – Vaka-Helgafell**

GOR



**How to Survive a Horseriding Tour in Iceland**

Eva Mueller

Hér er á ferðinni frábær bók fyrir alla sem farið hafa í hestaferðir á Íslandi. Höfundur bókarinnar er Eva Mueller, rithöfundur og teiknari frá Þýskalandi. Bókin er fallega myndskreytt og er á ensku.

96 bls.  
**Steinegg ehf**

IB



**Hraun í Öxnadal**

*Fólkvangur*

Bjarni E. Guðleifsson

Í Öxnadal er víða fagurt og þá ekki síst á hinni nafnkunnu bújörð, Hrauni, sem flestir tengja eflaust við Jónas Hallgrímsson. Meginefni bókarinnar fjallar einmitt um náttúru staðarins, jarðfræði hans og lífverur, sem og þær 18 gönguleiðir sem eru á svæðinu. Einnig er fjallað um klifur á Hraundranga og stofnun fólkvangs í Hrauni.

287 bls.  
**Bókaútgáfan Hólar**

SVK



**Íslensk bæjarfjöll**

Þorsteinn Jakobsson

Lífleg og skemmtileg útivistarbók þar sem fjallað er um íslensk bæjarfjöll. Gönguleiðir og glæsilegar ljósmyndir af öllu landinu af náttúru landsins í sinni fegurstu mynd. Stórglæsileg bók fyrir alla náttúruunnendur.

288 bls.  
**Tindur**

SVK



**Íslensk knattspyrna 2014**

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu árið 2014. Bókin er öll í lit og hin eiginlegasta. Ómissandi í safnið fyrir allt áhugafólk um fótbolta.

256 bls.

**Tindur**

IB

heimkaup.is

**Allar bækurnar í Bókatíðindum**

HEIMHAUP

...Í EINUM SMELLI

# ALLT UM HEKL



ÍTARLEG HANDBÓK FYRIR BYRJENDUR OG LENGRA KOMNA

- Heklkennsla í máli og myndum
- Yfir 80 uppskriftir að flíkum og smáhlutum



VAKA-HELGAFELL



[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



**Íslenskt þrjón**

25 tilbrögð við íslenskt handverk

Héléne Magnússon

Myndir: Arnaldur Halldórsson

Þýð.: Björg Árnadóttir og Dóra

Ástvaldsdóttir

Vestfirskir laufaviðarvettlingar, skagfirskir rósavettlingar, dásamleg útþrjónuð sjöl og skotthúfur, togarasokkar, rósaleppar og margt fleira sem setur íslenska þrjónahefð í nýjan og skemmtilegan búning.

144 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB



**Jógahandbókin**

Guðrún Reynisdóttir

Kærkomin bók fyrir alla þá sem stunda jóga, hvort heldur byrjendur eða lengra komna. Hér skýrir Guðrún Reynisdóttir, jógakennari, 85 helstu jógastöðurnar á einfaldan en ítarlegan hátt í máli og myndum. Sannkölluð biblía jóga-iðkandans.

240 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

IB



**KSÍ – Saga landsliðs karla**

Sigmundur Ó. Steinarrson

Glæsileg bók sem hefur að geyma mikinn fróðleik og litríka sögu landsliðs Íslands í knattspyrnu karla í máli og myndum. Frægir kappar rifja upp ógleymanleg atvik og segja frá mörgu skemmtilegu.

Sagt er frá gangi mála og úrslitum leikja í lokakeppnum HM og Evrópukeppni landsliða.

Sjón er sögu ríkari.

608 bls.

**Knattspyrnusamband Íslands**

IB



**Litlu skrímslin**

Skemmtilegt dýraprjón á yngstu börnin Nuryia Khegay

Myndir: Alexandra Vainshtein

Þýð.: María Þorgeirsdóttir og

Sigrún Hermannsdóttir

Alls kyns dýr og furðuverur þrýða 20 falleg þrjónasett með lambhúshettum, vettlingum, sokkum og treflum. Einnig eru greinargóðar leiðbeiningar í bókinni um þrjón og hekl.

143 bls.

**Forlagið – Vaka-Helgafell**

IB



**Lærðu að tefla**

Kennslubók fyrir byrjendur um leyndardóm skáklistarinnar

Björn Jónsson

„Við erum ein þjóð,“ eru einkunnarorð skákmanna og fátt er betur til þess fallið að efla samkennd og vináttu en setjast að tafla. Í bókinni má fá greinargóða og skemmtilega kennslu í undirstöðuatriðunum. Frábær bók fyrir byrjendur en kemur flestum að gagni sem gaman hafa af manntaflinu.

64 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



**Memories from Iceland**

My Travel Journal

Samant.: Lárus Guðmundsson

Myndr stj.: Margrét E. Laxness

